



**SKOÐUN** Dómgreindarbrestur gæti fellt Hönnu Birnu, skrifar Guðmundur Andri. **13**



**MENNING** Þrjú rithöfundar ræða tengsl sagnfræði og skáldskapar. **46**



**LÍFID** Hugleikur Dagsson er tilnefndur til Quen Sonja Nordic Art verðlaunanna. **54**



**SPORT** Úrslitarimma ÍBV og Hauka um Íslandsmeistaratilinn hefst í kvöld. **26**

**FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT**



# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

5. maí 2014  
104. tölublað 14. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## FRÉTTIR



### Gönguskáli á skíðum

Félagar í Ferðafélagi Akureyrar þurftu að draga nýjan skála á skíðum með snjótroðara inn á Glerárdal. **2**

**Ósátt við ÁTVR-ákvæði** Samtök iðnaðarins telja að ÁTVR fái of víðtækar heimildir til að hafna því að taka áfengi í sölu. **4**

**Dregið úr barnadauða** Ríkjum heims hefur tekist að draga úr barnadauða um helming frá árinu 1990. **8**

**Ónæmi alvarleg ógn** Ónæmi gegn sýklalyfjum er að verða alvarleg ógn við heilsu fólks, en reynt er að spyrna við fótum hér á landi. **10**



Bolungarvík	8°	A	4
Akureyri	10°	A	3
Egilsstaðir	11°	A	3
Kirkjubæjarkl.	10°	A	7
Reykjavík	12°	A	6

**PURRT OG BJART** Í dag verða víðast austan 3-8 m/s og bjartviðri en stífari vindur með vætu SA-til í kvöld. Hiti 6-14 stig, mildast V-lands. **4**

## 2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



**Íbúfen®**  
400 mg, 30 stk og 400 mg, 50 stk

**Actavis**



**DYGGUR STUÐNINGSMADUR** Nýtt keppnistímabil í Pepsi-deild karla hófst með fimm leikjum í gær og þessi káti Eyjamaður var mættur í stúkuna á gervigrasvelli Próttara í Laugardalnum til að fylgjast með sínum mönnum í ÍBV etja kappi við Fram. Leiknum lyktaði með 1-1 jafntefli. **Sjá síðu 26.**

# Sýndargirðing haldi síld frá Kolgrafafirði

Byggingarverkfræðingur hjá Verkís segir að hugsanlega megi nota ljós eða hljóð til að hindra síld í að ganga inn í Kolgrafafjörð og drepast þar í stórum stíl líkt og veturinn 2012-2013. Fyrirtækið leggur til uppsetningu búnaðar til að kanna málið.

**UMHVERFISMÁL** „Það má ekki láta tímann líða og hlaupa svo í þetta mánuði áður en síldin gengur inn,“ segir Gísli Karel Halldórsson, byggingarverkfræðingur hjá Verkís, sem bent hefur á að nota megi hljóðbylgjur eða ljós til að fæla síld frá Kolgrafafirði.

Áætlað er að síld að verðmæti sjö milljarða króna hafi drepist í Kolgrafafirði í desember 2012 og í febrúar 2013. Verkís gerði skýrslu um málefnið fyrir umhverfisráðuneytið í fyrra en var sýndarinn til stórkostnaðar vegagerðinni til að skoða málið frekar. Sú lausn sem fyrirtækið leggur til að verði reynd er sýndargirðing nokkru neðan við brúna sem smíðuð var yfir fjörðinn. Hægt væri að kveikja á girðingunni eftir þörfum í gegn um farsíma.

„Fiskigöngum er stundum stjórnað með rafmagni en niðurstaðan var að það sé ekki heppilegt þarna út af saltinu í sjónum. Svo er hægt að gera þetta með ljósi og hljóðbylgjum. Þá er sýndargirðingin eins og gervi-

veggur fyrir neðan brú,“ útskýrir Gísli sem undirstrikar að ekki sé öruggt að sýndargirðing leysi vandann. „Okkar tillaga var að setja upp búnað og prófa hvort þetta hafi áhrif.“

Að sögn Gísla er Verkís í sambandi við breskan sérfræðing sem þróað hefur slíkar sýndargirðingar sem settar hafi verið upp erlendis. Þetta séu ekki ný vísindi. „Hann er til í að koma til landsins og rannsaka þetta og vinna með okkur,“ segir Gísli.

Aðspurður segir Gísli að könnun eins og sú sem Verkís leggur til muni leiða í ljós hvort sýndargirðing gæti dugað ein og sér til að halda síldinni frá Kolgrafafirði eða hvar grípa þurfi til miklu kostnaðarsamari lausna. Girðingin sé alls ekki dýr miðað við aðrar aðferðir sem menn velti fyrir sér.

„Og þetta er ekki dýrt miðað við þann skaða sem þetta er að valda, bæði með dauða á verðmætum fiski og svo umhverfisspjöllum sem því fylgja. Við erum að tala um miklu lægri upp-



„**Þetta er ekki dýrt miðað við þann skaða sem þetta er að valda, bæði með dauða á verðmætum fiski og svo umhverfisspjöllum sem því fylgja.**

Gísli Karel Halldórsson, byggingarverkfræðingur hjá Verkís.

hæðir, kannski nokkra tugi milljóna,“ segir Gísli, Hann er sjálfur fæddur og uppalinn í Grundarfirði og sendi á dögnum bæjaryfirvöldum þar erindi til að benda á þennan möguleika og ýta við málinu. Bæjarstjórnin segir mikilvægt að stjórnvöld hraði vinnslu málsins þannig að það fái langtímalausn vegna mögulegs síldardauða í Kolgrafafirði.

Segja krafist 30% hækkunar: **Áætlanir 7.000 fara úr skorðum**

**FÉLAGSMÁL** Boðað verkfall flugmanna hjá Icelandair föstudaginn 9. maí, gæti sett ferðaáætlanir tæplega 7.000 farþega í uppnám. Samkvæmt áætlun Icelandair eru 46 flug til og frá landinu þennan dag.

Sáttafundur er boðaður í deilunni í dag en mikið virðist bera í milli. Samtök atvinnulífsins segja að flugmenn krefjist 30 prósent launahækkunar. - jme / sjá síðu 6

**ROSEBERRY**  
Öflugt gegn blóðrubólgu  
Virkar innan 24 tíma  
2-3 töflur fyrir svæfn

Fæst í apótekum, heilsuöðum og í heilsuhillum stórumarkaðanna  
www.gengurvef.is



## SPURNING DAGSINS



Ragnar, bauð einhver upp á kek?

„Nei, ekkert kekruð, en það var allt í kassu.“

Ragnar Egilsson, matarhugamaður blés til matarhátíðar á KEX Hostel seinastliðinn laugardag. Hátíðin var á vegum samtaka áhugafólks um erlenda matseld og rann helmingur alls ágóða til Mæðrastyrksnefndar.

Bílgreinasambandið segir að nýskráningum á fólksbílum fjölgi áfram:

## Nær 20 prósentum meiri sala

**VIÐSKIPTI** Sala á nýjum fólksbílum var 18,1 prósentu meiri í apríl síðastliðnum miðað við sama mánuð í fyrra, að því er kemur fram í fréttatilkynningu frá Bílgreinasambandinu. Alls voru nýskráðir bílar í apríl nú 684 en 579 í apríl í fyrra.

Á fyrstu fjórum mánuðum ársins voru skráðir 2.257 fólksbílur og er það 17,8 prósentu aukning frá fyrra ári. Nýskráðir vörubílar frá ársbyrjun til marsloka voru 30 en voru 15 á sama tíma í fyrra.

Bílgreinasambandið gerir ráð fyrir áframhaldandi vexti í nýskráningum um 15 til 20 prósent. Haft er eftir Özuri Lárusyni, framkvæmdastjóra sambandsins, að með sterkari krónu og minnkandi verðbólgu sé verð á nýjum bílum orðið mun hagstæðara en fyrir fáeinum misserum. Bílaumboðin hafi líka öll lagt mikið í að ná sem hagkvæmstum samningum við sína birgja með góðum árangri. Það endurspeglar í verði nýrra bíla í dag.



**BÍLASALA** Bílaumboðin á Íslandi hafa lagt mikið í að ná hagkvæmum samningum við birgja. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Komið í veg fyrir skemmdir: Hálendisumferð takmörkuð

**SAMGÖNGUR** Meðan frost er að fara úr jörð þarf víða að banna allan akstur á hálendinu til að koma í veg fyrir skemmdir á vegum og náttúru.

Peir sem hyggja á fjallaferðir eru beðnir að kynna sér ástand á viðkomandi leiðum og vírða akstursbann þar sem það er í gildi.

Vegagerðin er að byggja nýja brú yfir Múlakvísl austan við Vík í Mýrdal og vegna framkvæmdanna er umferð beint þar um hjáleið.



**LISTAVERKIÐ ENN UPPI** Hér sést listaverkið við opnun sýningarinnar. Ekki er vitað hvar Mona Lisa er nú niðurkomin.

Skemmdir unnar á listaverki rétt eftir opnun sýningar:

## Mona Lisa numin á brott í björtu

**LÖGREGLUMÁL** Innsetningarverki á Klambatrúni, sem ber heitið Nono Lisa, var stolið um miðjan dag á laugardag. Um er að ræða eftirprentun af Monu Lisu. Verkið var sýnt í menningarhúsinu Skúrnum.

Þegar sýningin var opnuð hafði rúða þegar verið brotin í skúrnum en listakonan að baki sýningunni, Sara Björnsdóttir, segir að hin brotna rúða hafi í raun þjónað verkinu betur en ef hún hefði verið óbrotin. Hugsunin að baki verkinu var að sýna hve menningarsnautt samfélagið er. Sara segir að þrátt fyrir að þjófnaðurinn sanni í raun það sem hún hafi viljað segja með verkinu þá sé það engu að síður sárt að einhver hafi viljað skemma verk hennar. Þjófnaðurinn hefur verið kærður til lögreglu.

Veiðar á gullkarfa sjálfbærar:

## Krafa um ábyrgar veiðar

**FISKVEIÐAR** Gullkarfaveiðar við Ísland eru sjálfbærar. Alþjóðleg vottun þessa efnis var gefin út um síðustu mánaðamót.

Vottunin, sem er byggð á ströngustu kröfum sem settar eru á alþjóðavettvangi, er unnir undir merkjum Iceland Responsible Fisheries en áður hefur sambærileg vottun verið gefin út fyrir íslenskan þors, ýsu og ufsa.

Á vef HB Granda segir að vottunin sé mikilvæg enda sífellt auknar kröfur gerðar um ábyrgar fiskveiðar meðal kaupenda.

Ástandið fer hríðversnandi:

## Biður Obama að hjálpa Nígeríu

**NÍGERÍA, AP** Forseti Nígeríu, Goodluck Jonathan, hefur biðlað til Baracks Obama Bandarríkjaforseta að aðstoða landið í þeim vanda sem það stendur nú frammi fyrir. Herskáir íslamistar hafa farið um með miklu ofbeldi upp á síðkastið.

Mikil óánægja ríkir í Nígeríu vegna þess að ekki hefur tekist að finna um 200 stúlkur sem talið er að íslamistar hafi rænt og jafnvel selt í kynlífsánaud. Mikil mótmæli hafa verið í landinu vegna þessa.

# Gönguskáli fluttur á Glerárdal á skíðum

Nýr gönguskáli Ferðafélags Akureyrar var dreginn fram á Glerárdal með snjótroðara. Leysir af hólmi gamlan skála sem byggður var árið 1975. Þurftu að moka snjó af undirstöðum skálans. Bylting fyrir starfseminna segir formaður félagsins.

**AKUREYRI** Nýr skáli Ferðafélags Akureyrar var vígður með pomp og prakt á Glerárdal í Eyjafirði í gær. Skálinn leysir af hólmi gönguskála á Glerárdal, í Lamba, eins og venjan er að tala um svæðið.

Gamli skálinn var settur upp árið 1975 og rúmaði sex í gistingu. Ný skálinn var byggður á Akureyri og fluttur upp á Glerárdal á miðvikudag. Fyrsta spólinn fór skálinn á vörubíl, áður en hann var færður á stór skíði og dreginn ellefu kílómetra leið inn dalinn af snjótroðara sem fenginn var að láni úr Hlíðarfjalli.

„Gamli skálinn var í upphafi gömul verbúð og enginn veit hversu gamall hann var í raun. Hann gat rúmað sex manns í gistingu og engin aðstaða var fyrir hendi svo heitið gat. Hann var orðinn fúinn og ónýtur og barn síns tíma,“ segir Hilmar Antonsson, formaður Ferðafélags Akureyrar.

Ný skálinn er 44 fermetrar að stærð. Ferðalagið með hann inn dalinn tók nokkurn tíma. „Það voru boltuð saman tvö og tvö vegrið og þannig mynduð skíði og skálinn dreginn með troðara alla leið í tvennu lagi; forstofan sér og skálinn sér.“ Mikill snjór er enn inni á Glerárdal og þurfti að moka ofan af undirstöðum sem byggðar voru í fyrra fyrir nýja skálann.

„Í maí í fyrra fórum við með gröf og gerðum undirstöður undir skálann og gerðum allt klárt. Því þurfti bara að moka niður á undirstöðurnar og setja skálann niður,“ segir Hilmar sem



**MOKAÐ** Mikill snjór er enn á Glerárdal og þurfti að moka niður á undirstöðurnar. MYND/VÖLUNDUR

„Nú er aðstaðan orðin allt önnur og betri inni á Glerárdal. Þetta er bara bylting, það er ekki hægt að hafa önnur orð um það.“

Hilmar Antonsson, formaður Ferðafélags Akureyrar.

var staddur í Lamba við að leggja lokahönd á skálann.

Hilmar vill meina að þetta sé bylting fyrir starf félagsins. „Nú komast sextán manns fyrir í gistingu en sennilega er ekki of þröngt fyrir tuttugu manns ef út í það er farið. Nú er aðstaðan orðin allt önnur og betri inni á Glerárdal. Þetta er bara bylting, það er ekki hægt að hafa önnur orð um það.“



**DREGINN** Skálinn var dreginn um ellefu kílómetra leið á tveimur vegriðum sem notuð voru eins og skíði undir skálann.

Gönguleiðin frá Súluvegi við gömlu öskuhaugana við Glerárdal er um 11 km. Mikið sjálfboda-starf hefur verið unnið í félaginu til að koma þessari aðstöðu fyrir. Að mati Hilmar er sjálfboda-vinnan við skálann komin í um 1.200 tíma.

sveinn@frettabladid.is



Kringlunni  
Sími 568 7777  
heyarnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN



Aðskilnaðarsinnar í Úkraínu leystu féлага sína úr haldi lögreglunnar með valdi:

## Hertóku lögreglustöð í Odessa

**ÚKRAÍNA** Lögreglan í borginni Odessa í suðurhluta Úkraínu neyddist til að leysa rúmlega sextíu aðskilnaðarsinna úr haldi á sunnudag þegar æstur múgur braut sér leið inn í höfuðstöðvar lögreglunnar í borginni. Þetta kemur fram á vef BBC.

Um þrjúþúsund aðskilnaðarsinnar söfnuðust saman við lögreglustöðina og kröfðust þess að félagar þeirra yrðu leystir úr haldi. Mótmælin fóru í fyrstu friðsamlega fram en fljótlega brutust út óeirðir. Mótmælendur báru grímur og vopn og brutu rúður og spörkuðu niður girðingu í kringum stöðina.

Ástandið í Odessa hefur verið afar slæmt síðan bygging þar sem mótmælendur höfðust við brann til kaldra kola á föstudag. Um fjórutíu mótmælendur létust í brunanum.

Forsætisráðherra Úkraínu, Arsení Jatsenjúk, hefur fyrirskipað að allir lögreglustjórar í borginni verði reknir vegna aðgerðarleysis lögreglunnar í tengslum við brunann.



**HART Á MÓTI HÖRÐU** Lögreglan varð að lúta í lægra haldi fyrir mótmælendum og lét að lokum 67 aðskilnaðarsinna lausa til að róa mannskapinn. NORDICPHOTOS/AFP



SIMPLY CLEVER

ŠKODA



# BÍLL ÁRSINS Á ÍSLANDI 2014



## Nýr ŠKODA Octavia

Bandalag íslenskra bílblaðamanna (BÍBB) valdi **ŠKODA Octavia** bíl ársins á Íslandi 2014. Auk þess að vera sigurvegari í flokki stærri fólksbíla fékk **ŠKODA Octavia** hæstu einkunn af þeim níu bílum sem öttu kappi í lokaúrslitunum. Þessi úrslit ættu ekki að koma Octavia-eigendum á óvart, enda hefur það sýnt sig að **ŠKODA Octavia** er með allra hagkvæmstu, öruggustu, þægilegustu og sparneytnustu bílunum í sínum flokki. Það kemur því ekki á óvart að **ŠKODA Octavia** var **mest seldi bíll á Íslandi árið 2013**.

**ŠKODA Octavia kostar frá  
3.790.000,-**



Eyðsla frá 3,8 l/100 km



CO<sub>2</sub> frá 99g/km



5 stjörnur í árekstrar-  
prófunum EuroNcap



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



SVONA ERUM VIÐ



**9,3 prósent Íslendinga voru með tekjur undir lágtekjumörkum í fyrra.**

Hlutfallið hefur verið í kringum 10 prósent frá því rannsóknir Hagstofu Íslands hófust árið 2004.

Heimild: Hagstofa Íslands

Vinnslustöðin hf. í Vestmannaeyjum hefur höfðað mál gegn fjármálaráðherra:

# Vilja fá veiðigjaldið endurgreitt

**SJÁVARÚTVEGUR** Vinnslustöðin hf. í Vestmannaeyjum hefur stefnt fjármálaráðherra en fyrirtækið telur að hið sérstaka veiðigjald standist ekki stjórnarskrá. Fyrirtækið hyggst þó ekki hreyfa við hinu almenna veiðigjaldi sem var innheimt á sama tímabili.

Ragnar H. Hall, lögmaður Vinnslustöðvarinnar hf., segir að málið snúist um hvort álagning veiðigjalda standist stjórnarskrá eða hvort hún feli í sér afturvirka skatttheimtu. „Skattaaðilum er mis-

munað því að ekki þurfa allir sem eru handhafar veiðiheimumildanna að borga þennan skatt,“ segir Ragnar.

„Það er innbyggt í regluverkið að sumir hafi það mikinn frádrátt að þeir þurfi ekki að borga neitt og þá þurfa aðrir að borga meira. Við byggjum líka á því að þetta sé svo hár skattur að hann jafnist á við eignaupptöku.“ Ragnar gerir ráð fyrir að þær 516 milljónir króna, sem Vinnslustöðin hf. greiddi í sérstakt veiðigjald á tímabilinu, fái endurgreiddar.

- ssb



**HÁAR FJÁRHÆÐIR** Vinnslustöðin greiddi 516 milljónir í hið sérstaka veiðigjald árið 2012-2013.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRÍDRÍKSSON

Settir á atvinnuleysisbætur:

# Greiða ekki uppsagnarfrest

**FÉLAGSMÁL** Framsýn, stéttarfélag á Húsavík, hefur óskað eftir fundi með Vinnumálastofnun og lögfræðingum félagsins í næstu viku.

Félagið telur að lög hafi verið brotin þegar fiskvinnslufyrirtæki Vísir beindi starfsmönnum fyrirtækisins á atvinnuleysisbætur frá og með 1. maí í stað þess að greiða þeim kjarasamningsbundinn uppsagnarfrest. Stjórnendur Vísis hf. ákváðu að loka starfsstöð fyrirtækisins á Húsavík með mánaðar fyrirvara.

- jme



**NEYÐARAÐSTÖÐ** Eftirlifandi þorpúbúar sem misst hafa heimili sín bíða eftir neyðaraðstöð.

NORDICPHOTOS/AFP

Vonlaust að finna fleira fólk:

## Þjóðarsorg í Afganistan

**AFGANISTAN** Þjóðarsorg hefur verið lýst yfir í Afganistan vegna þess fjölda fólks sem varð undir risaauðskriðu í bænum Ab Barik á föstudag. Rúmlega 2.600 manns er enn saknað en talið er vonlaust að finna fleira fólk á lífi.

Heimili þorpúbúa eru grafin undir þykku lagi af leðju en vonlaust er að komast niður að húsum. Nærri allt þorpið varð undir skriðunni sem talið er að hafi orðið vegna mikilla rigninga á svæðinu.

Þjörgunarstörfum hefur verið hætt því aðstæður eru hættulegar og svæðið hefur verið skilgreint sem fjöldagröf.

- ssk

Kristilegur flokkur stofnaður:

## Ætla að banna fóstureyðingar

**STJÓRNMÁL** Kristilegur stjórnmálaflokkur hefur verið stofnaður á Íslandi. Flokkurinn leggst gegn hjónabandi samkynhneigðra og berst fyrir fullveldi Íslands.

Flokkurinn hyggst bjóða fram í næstu Alþingiskosningum en hefur ekki fjármagn til að bjóða fram í sveitarstjórnarkosningum.

Flokkurinn hefur sterkar skoðanir á sjálfsákvörðunarrétti kvenna yfir eigin líkama og vill banna fóstureyðingar nema í undantekningartilfellum. Konur eigi frekar að gefa börn sín.

- ssk

ESB-tillagan enn í nefnd:

## Ólíklegt að hún verði afgreidd

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði í fréttum Stöðvar 2 í gær að hann og forsætisráðherra hefðu rætt hvort það ætti að brýna fyrir utanríkismálanefnd Alþingis að ljúka umfjöllun um þingsályktunartillögu um slit á viðræðum við ESB.

„Við höfum rætt það við formenn flokkanna í þessari viku hvort það sé hugsanlegt að málið klárast eða ekki,“ sagði Bjarni. Hann sagðist telja ólíklegt að málið kæmi til atkvæðagreiðslu í þinginu í þessari viku og benti á það styttest í þinghlé og því ólíklegt að tillagan verði afgreidd.

- jme

Barnalæknir verðlaunaður:

## Rannsakaði ónæmisbælingu

**VÍSINDI** Hans Tómas Björnsson, barnalæknir og aðstoðarprófessor við Johns Hopkins-háskóla í Bandaríkjunum, verður verðlaunaður fyrir framlag sitt til rannsókna á sviði erfðafraeði þann 18. júní.

Verðlaunin fær hann fyrir rannsóknir sínar á Kabuki-heilkenni, sem veldur ónæmisbælingu og alvarlegri proskaskerðingu í börnum.

Um árleg verðlaun er að ræða sem veitt eru lækni eða vísindamanni sem skarað hefur fram úr. Hluti af verðlaununum eru 20 þúsund dollarar eða jafnvirði rúmlega tveggja milljóna íslenskra króna.

- jme, ktd



**BJARNI BENEDIKTSSON**



**HANS TÓMAS BJÖRNSSON**

# Vilja ákvæði um keimlíkindi burt

Samtök iðnaðarins telja að ÁTVR fái of víðtækar heimildir til að hafna því að taka áfengistegundir í sölu. Þau vilja ákvæði um keimlíkindi burt úr frumvarpi um ÁTVR. Meirihluti efnahags- og viðskiptanefndar hefur lokið umfjöllun um málið.

**ALÞINGI** Samtök iðnaðarins telja að með svokölluðu keimlíkindaákvæði í frumvarpi til laga um ÁTVR sé verið að þvinga framleiðendur áfengra drykkja til að velja á milli þess að markaðssetja áfenga vöru eða óáfengna hér á landi.

Þeir telja að önnur hvor varðan verði útilokuð á markaði hér á landi. Þá telja samtökin að ákvæði frumvarpsins um keimlíkindi séu í andstöðu við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum.

Meirihluti efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis hefur lokið umfjöllun um frumvarp til laga um ÁTVR. Frumvarpið hefur hlotið misjafnar viðtökur en það hefur verið gagnrýnt að ÁTVR hafi of víðtækar heimildir til að hafna því að taka taka áfengi í sölu.

Efnahags- og viðskiptanefnd segir í álitinu að keimlíkindaákvæði frumvarpsins þurfi að vera afdráttarlausara og miða að því að heimila ÁTVR að hafna því að taka til sölu áfengi þegar raunveruleg ruglingshætta virðist vera yfirvofandi.

Samkvæmt frumvarpinu á ÁTVR að meta það hvenær hætta sé á að fólk ruglist á áfengum og óáfengum tegundum.

Markmið keimlíkindaákvæðisins sé að tryggja að ekki séu á boðstólum áfengar vörur sem líkjast um of óáfengum vörum sem seldar eru eða auglýstar á almennum markaði hérlandis. Þá verði ákvæðið að standast kröfur ESA og Evrópuréttarins.



**UMFJÖLLUN LOKIÐ** Samkvæmt frumvarpi um ÁTVR fær fyrirtækið heimild til að meta hvenær hætta sé á að fólk ruglist á áfengum og óáfengum drykkjum. Ákvæðið hefur verið gagnrýnt.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Áfengi keimlíku annarri vöru hafnað

Meirihluti efnahags- og viðskiptanefndar leggur til að ákvæði um keimlíkindi í frumvarpi til laga um ÁTVR verði svohljóðandi: „ÁTVR er heimilt að hafna áfengi ef umbúðir þess líkjast svo annarri vöru sem boðin er til sölu eða auglýst á almennum markaði hér á landi að neytendur geta ekki auðveldlega greint á milli.“

Ragnheiður Héðinsdóttir, forstöðumaður matvælasviðs Samtaka iðnaðarins, segir að sú breyting sem nefndin leggur til á keimlíkindaákvæðinu sé þýðingarláus.

„Eftir sem áður er ÁTVR falið að meta hvenær vörur séu svo líkar að verslunin verði að hafna því að selja þær,“ segir Ragnheiður og segir að Samtök iðnaðarins telji að það eigi að fella ákvæðið

**”Eftir sem áður er ÁTVR falið að meta hvenær vörur séu svo líkar að verslunin verði að hafna því að selja þær.**

Ragnheiður Héðinsdóttir, forstöðumaður matvælasviðs SI.

um keimlíkindi á brott úr frumvarpinu. johanna@frettabladid.is



**Ideal STANDARD**

## Sturtuset

Verð frá kr. 66.900


**IOI** Gæði fara aldrei úr tísku

**ÍSLEIFUR JÓNSSON**

Draghåls 14 - 16 | Sími 4 12 12 00 | 110 Reykjavík | Fax 4 12 12 01 | www.isleifur.is

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



Alicante 23°	Friedrichshafen 20°	New York 18°
Ápena 22°	Gautaborg 10°	Orlando 31°
Basel 21°	Kaupmannahöfn 10°	Ósló 12°
Berlín 15°	Las Palmas 23°	París 21°
Billund 11°	London 18°	San Francisco 16°
Frankfurt 19°	Mallorca 23°	Stokkhólmur 9°

**Á MORGUN** 5-10 m/s.

**MÍÐVIKUDAGUR** 3-10 m/s, en hvassara við ströndina.

**FÍNT VEÐUR VÍÐAST** Fremur róleg austlæg átt og yfirleitt úrkomulaust og bjart með köflum á landinu næstu daga nema austan til. Nokkuð milt einkum suðvestanlands en á fimmtudag kólnar aðeins á landinu í bili.

**AUGLÝSINGAÐELDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is

**FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson koll@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hranngel Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PIJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is

**Elsabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður





# Viltu vinna íbúð?

Nýtt happdrættisár framundan og heill milljarður króna í skattfrjálsum vinningum

► **Prisvar á happdrættisárinu verður dregið um stóra vinninginn:**

- 3 íbúðir að verðmæti 30 milljónir krónur hver á tvöfaldan miða
- 15 milljónir á einfaldan miða

Drögum út 47 þúsund vinninga á árinu. Heildarverðmæti vinninga á mánuði allt að 107 milljónir!

Miðaverð 1.300 kr. á mánuði fyrir einfaldan miða og 2.600 fyrir tvöfaldan miða.

Kauptu miða á [www.das.is](http://www.das.is) eða í síma 561 7757.



Í tilefni af 60 ára afmæli DAS drögum við út þrjár glæsilegar íbúðir að Dalsási í Hafnarfirði. Fylgist með DAS á Facebook og á DAS.is



Taktu þátt í Facebook-leiknum. Vegleg verðlaun í boði.

**DREGIÐ Í HVERRI VIKU!**



## VEISTU SVARID?



1. Hve margir skrifuðu undir lista Já Ísland um ESB-viðræðurnar?
2. Hvernig vill Árni Johnsen leysa samgönguvanda Vestmannaeyja?
3. Hverjir sitja fyrir Íslands hönd í alþjóðlegri Eurovision-dómnefnd?

SVÖR

1. Um 54 þúsund (53.555). 2. Ad lögð verði jarðgöng á milli lands og Vestmannaeyja. 3. Ragnheiður Gröndal, Kjaran Gudbergsson, Friðrik Dör Jónsson, Jóhanna Guðrún Jónsdóttir og Hilundur Þórhallsdóttir.

# Sveitarstjórn Djúpavogs spyr hvort lög um stjórn fiskveiða séu orðin tóm vegna lokunar fiskvinnslu Vísis: Krefjast þess að fá kvóta til að afstýra hrúni

**ATVINNUMÁL** „Sveitarstjórn Djúpavogshrepps krefst þess að stjórnvöld grípi nú þegar til aðgerða svo afstýra megi meiriháttar bakslagi í veiðum og fiskvinnslu á Djúpavogi,“ segir í bókun sveitarstjórnarinnar vegna lokunar fiskvinnslu Vísis í þorpinu.

„Djúpavogshreppur hefur nú í annað sinn á fáum árum orðið fyrir miklu höggi í sjávarútvegi, en skemmst er að minnst brotthvarfs allrar uppsjávarvinnslu af svæðinu árið 2006 án nokkurrar leiðréttingar. Sveitarstjórn krefst þess af stjórnvöldum að nú þegar verði tryggðar sambærilegar aflaheimildir og fyrir-sjáanlegt er að hverfi úr byggðarlaginu til að

forða hrúni í bolfiskvinnslu á Djúpavogi,“ segir sveitarstjórnin.

Dá kemur fram að ítrekað hafi verið reynt að fá stjórnarþingmenn kjördæmisins á fund. Nú á að reyna á að fá alla þingmenn kjördæmisins ásamt sjávarútvegsráðherra á fund sem fyrst. „Ef stjórnvöld ganga ekki fram af meiri ábyrgð í málefnum Djúpavogshrepps er ljóst að markmið 1. greinar laga um stjórn fiskveiða til að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu eru orðin tóm.“

**DJÚPIVOGUR** Óttast meiriháttar bakslag í veiði og vinnslu við brotthvarf Vísis.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Festa - miðstöð um samfélagsábyrgð og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála kynna morgunfund

## SAMFÉLAGSÁBYRGÐ

### Í OPINBERUM REKSTRI



**TÍMI:** 7. maí kl. 8.30 – 10.30, kaffi og morgunbiti frá kl. 8.00  
**STAÐUR:** Icelandair Hotel Reykjavik Natura  
**SKRÁNING:** [www.festasamfelagsabyrgd.is](http://www.festasamfelagsabyrgd.is)

#### DAGSKRÁ

SAMFÉLAGSÁBYRGÐ  
RÍKISSTOFNANNA  
**Sigurður H. Helgason,**  
fjármála- og  
efnahagsráðuneytinu

ÁBYRGÐ GAGNVART  
UMHVERFI OG SAMFÉLAGI  
**Hörður Arnarsson,**  
Landsvirkjun

SAMFÉLAGSÁBYRGÐ  
SKILAR ÁVINNINGI  
**Sigrún Ósk Sigurðardóttir,**  
ÁTVR

ÁBYRGÐ Í INNKAUPUM  
**Halldór Ó. Sigurðsson,**  
Ríkiskaup

FUNDARSTJÓRI: **Bryndís Hlökkversdóttir,**  
starfsmannastjóri Landspítalans

#samfelagsabyrgd

**FESTA**  
Samfélagsábyrgð  
fyrirtækja



Stofnun stjórnsýslufræða  
og stjórnmála

# Verkfall hefur áhrif á 7.000 ferðalanga

Samtök atvinnulífsins segja að flugmenn Icelandair fari fram á 30 prósent launahækkun. Fyrsta boðaða verkfall flugmanna er 9. maí og setur ferðaplön 7.000 manns, sem ýmist eru að koma eða fara frá landinu, í uppnám þennan eina dag.

**KJARADEILUR** Boðað verkfall flugmanna hjá Icelandair föstudaginn 9. maí, gæti sett ferðaáætlanir tæplega 7.000 farþega í uppnám.

Þennan sólarhring eiga samtals 22 flugvélar að koma til landsins á vegum Icelandair og er áætlað að 3.300 til 3.400 farþegar ferðist með þeim. Frá landinu eru bókuð 24 flug á vegum flugfélagsins og gert er ráð fyrir að 3.600 til 3.700 manns séu á útleið.

Um 300 flugmenn starfa hjá Icelandair og hafa þeir boðað til sex tímabundinna verkfalla takist samningar ekki.

Verkföll eru boðuð 9., 16., og 20. maí frá klukkan sex að morgni til klukkan sex síðdegis.

Þá ætla flugmenn að leggja niður vinnu frá klukkan sex að morgni 23. maí til sex að morgni 25. maí hafi samningar við Icelandair ekki tekist. Einnig er boðað boðað til verkfalls frá klukkan sex að morgni 30. maí til klukkan sex að morgni þann 3. júní.

Fyrirhuguð verkföll flugmanna setja því ferðaáætlanir þúsunda manna í uppnám á næstunni.

Sáttafundur er boðaður í deilunni í dag en mikið virðist bera í milli deilenda.

„Verkfall, ef af verður, hefur í för með sér umtalsvert tjón fyrir Icelandair en ekki síður fyrir viðskiptavinum okkar og fyrirtæki í ferðaþjónustu,“ segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair.

Hafsteinn Pálsson, formaður Félags íslenskra atvinnuflugmanna, segist vonast til að það takist að semja áður en verkfall skellur á. Hann segist ekki vilja ræða kröfugerð flugmanna opinberlega.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru meðalheildarlaun flugmanna og flugstjóra hjá Icelandair á bilinu 1,5 til 2 milljónir á mánuði.

Samtök atvinnulífsins segja að flugmenn krefjist 30 prósent hækkunar launa á samningstímnum. Þetta telja atvinnurekendur glórulausar kröfur sem ekki verði gengið að. Flugmenn séu á góðum launum miðað við margar aðrar starfsstéttir.

Hafsteinn segir umræður um að setja lög sem banna verkfall flugmanna einkennilegar. Landið lokist ekki þó flugmenn Icelandair fari í verkfall.

Hann bendir á að sjö til átta flugfélög fljúgi til og frá landinu í byrjun maí en þau verði átján í sumar. „Það er grafalvarlegt mál ef það eru sett lög á stéttarfélög,“ segir Hafsteinn.

johanna@frettabladid.is

**Komur og brottfarir Icelandair á föstudag**  
Verkfall flugmanna hefur áhrif á 46 flugferðir.

Tími	Flugnr.	Til/Frá
06:15	FI614	New York JFK
06:15	FI622	New York Newark
06:20	FI602	Toronto Lester B Pearson
06:20	FI644	Washington Dulles Intl
06:30	FI630	Boston Logan Intl
06:40	FI741	Liege\East Midlands
06:45	FI680	Seattle Tacoma Intl
07:25	FI520	Frankfurt Main
07:30	FI342	Helsinki Vantaa
07:35	FI306	Stockholm Arlanda
07:35	FI430	Glasgow
07:40	FI450	London Heathrow
07:40	FI502	Amsterdam Schiphol
07:40	FI542	Paris Charles De Gaulle
07:45	FI204	Copenhagen
07:45	FI470	London Gatwick
07:50	FI318	Oslo Airport
08:00	FI272	Billund
08:00	FI440	Manchester
13:15	FI212	Copenhagen
15:00	FI441	Manchester
15:00	FI451	London Heathrow
15:10	FI205	Copenhagen
15:10	FI471	London Gatwick
15:10	FI503	Amsterdam Schiphol
15:25	FI319	Oslo Airport
15:25	FI431	Glasgow
15:30	FI273	Billund
15:30	FI307	Stockholm Arlanda
15:35	FI521	Frankfurt Main
15:40	FI543	Paris Charles De Gaulle
15:55	FI343	Helsinki Vantaa
16:10	FI454	London Heathrow
16:25	FI324	Oslo Airport
16:45	FI671	Denver Intl
16:45	FI693	Edmonton Intl
17:00	FI603	Toronto Lester B Pearson
17:00	FI615	New York JFK
17:00	FI631	Boston Logan Intl
17:00	FI681	Seattle Tacoma Intl
17:10	FI689	Orlando Sanford Intl
17:25	FI633	Boston Logan Intl
17:25	FI746	Liege\East Midlands
20:55	FI213	Copenhagen
22:35	FI325	Oslo Airport
23:10	FI455	London Heathrow





**1600 snúninga þvottavél**

**TILBOÐ**

**69.989**

FULLT VERÐ 99.989

Beko WMB71632

1600 snúninga og 7kg þvottavél með stafrænu kerfisvali. Stafræn niðurtalning, 11 kerfi og 30 mín hraðkerfi. LCD skjár. Þvottahæfni: A. Orkuflokkur: A++. Vinduhæfni: A.



**60sm uppbvottavél**

**TILBOÐ**

**69.989**

FULLT VERÐ 89.989

scandomatic  
Scandomatic SF04100

60sm uppbvottavél með 5 kerfi. Vatnsflæðivörn. Þvottahæfni A. Orkunýtni A+. Þurrkgeta A.

max.is

**Smoothie blandari**

**TILBOÐ**

**3.989**

FULLT VERÐ 6.989

Princess 212065

250w Smoothie blandari sem hakkar, blandar, þeytir malar. Ryðfrír stál hnifar. 250ml kæliglós 2 stk. 400ml glós 2 stk.

**500 GB Playstation 4**

**KYNNINGARVERÐ**

**79.989**

FRÁBÆRT VERÐ



**Farsími með 5,5" skjá**

**Margmiðlunarhátalari**

**TILBOÐ**

**29.989**

FULLT VERÐ 36.989

JBL



Bluetooth JBL ONBEATVENUELTBLA

Margmiðlunarhátalari með iPad/iPod/iPhone vögg. 2 x 15W magnari. 2 öflugir hátalarar. Bluetooth með HARMAN TrueStream.



Farsími með 5,5" TFT skjá, Dual Core örgjörva, 4GB minni o.fl.

KAZAM TROOPERX5

**TILBOÐ**

**24.989**

FULLT VERÐ 29.989

max.is

**MAX**  
RAFTÆKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19  
Laugardaga kl. 11-18  
Sunnudaga kl. 12-18

SÍMI 412 2200

BEINT Á MÓTI IKEA





GERÐU VERÐ-SAMANBURÐ

## heitir pottar

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta í yfir 30 ár fyrir íslenskar aðstæður. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

**NORMX**

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

## Sökkuldúkur, raka- varnarplast og þéttiefni á frábæru verði

Raka- og vatnspéttiefnin frá Múrbúðinni eru vottuð hágæða vara á sérlega hagstæðu verði.

**HEYDI**  
ABDICHTUNGSTECHNIK

Rakapolplast 100m<sup>2</sup>  
kr. 9.990



**MÚRBÚÐIN**

Kletthálsi Reykjavík  
Reykjanesbæ

Meiri gæði  
Lægra verð  
MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



**BÖRN Í  
AFGANISTAN**  
Heilbrigðis-  
starfsmaður  
gefur börnum í  
útjaðri borgar-  
innar Jalalabad  
bóluefni gegn  
mænuþótt.  
NORDICPHOTOS/AFP

# Mjög hefur dregið úr barnadauða

Frá árinu 1990 hefur ríkjum heims tekist að draga úr barnadauða um helming, þótt enn sé nokkuð í að þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna náist. Á árinu 2013 létu sex milljónir barna lífið áður en þau náðu fimm ára aldri.

**HEILBRIGÐI** Frá árinu 1990 hefur tekist að draga úr barnadauða í heiminum um helming, en þó er harla langt í að þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna náist. Samkvæmt þeim var stefnt að því að á næsta ári yrði búið að draga úr barnadauða um tvo þriðju frá því sem var árið 1990.

Frá þessu var skýrt í nýjasta hefti læknatímaritsins The Lancet. Þar eru birtar niðurstöður nýrrar rannsóknar, sem gerðar voru við Washington-háskóla. „Þótt meirihluta landa heims muni ekki takast að ná þúsaldarmarkmiðunum, þá hafa gríðarmiklar framfarir orðið,“ er haft eftir Haidong Wang, höfundi rannsóknarinnar, í fréttatilkynningu frá Washington-háskóla.

Samkvæmt rannsókninni létu 6,3 milljónir barna lífið áður en

þau náðu fimm ára aldri á árinu 2013. Flest þeirra, eða tvö af hverjum þremur, bjuggu í níu löndum: Indlandi, Kína, Eþíópíu, Banglades, Indónesíu, Pakistan, Brasilíu, Afganistan og Nígeríu.

Flest þeirra barna, sem létust á árinu 2013, létu lífið á fyrsta mánuði ævinnar, eða 42 prósent.

Í rannsókninni kemur fram að aukin menntun mæðra og hærri tekjur eiga mestan þátt í því að draga úr barnadauða. Bólusetningar og ný lyf eiga þar einnig stóran þátt, jafnt í fátækari sem ríkari löndum heims.

Verulega hefur einnig dregið úr því frá árinu 1990 að konur deyi vegna vandamála er tengjast meðgöngu. Engu að síður létu 293 þúsund konur lífið á árinu 2013 vegna meðgöngutengdra vandamála. Um

fjórðungur þeirra deyr við fæðingu eða á fyrsta sólarhringnum eftir fæðingu.

Verst er ástandið hvað þetta varðar í Suður-Súdan, en minnst er um mæðradauða á Íslandi.

Athygli vekur að í Bandaríkjunum hefur þróunin orðið á verri veg. Bandaríkin eru barna ásamt Afganistan í hópi átta ríkja, sem ekki hefur aðeins mistekist að draga úr mæðradauða á tímabilinu frá 1990 til 2013 heldur hefur ástandið versnað.

Haldi þessi þróun áfram með sama hraða og verið hefur má búast við að árið 2030 muni um 3,8 milljónir barna láta lífið áður en þau ná fimm ára aldri. Sama ár má búast við því að um 184 þúsund konur láti lífið af völdum meðgöngutengdra vandamála.

gudsteinn@frettabladid.is

## Kerfisáætlun Landsnets 2014-2023 og umhverfisskýrsla

Landsnet boðar til almenns kynningarfundar um kerfisáætlun 2014-2023 og umhverfisskýrslu kerfisáætlunarinnar þriðjudaginn 6. maí kl. 9-10 í höfuðstöðvum Landsnets að Gylfaflöt 9 í Reykjavík.

Á fundinum verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum kerfisáætlunar Landsnets en henni er ætlað að spá fyrir um nauðsynlega uppbyggingu flutningskerfis raforku á Íslandi.

Einnig verður fjallað um drög að umhverfisskýrslu kerfisáætlunar 2014-2023 en þetta er í fyrsta sinn sem kerfisáætlun Landsnets fylgir slíku ferli. Gerð verður grein fyrir forsendum og nálgun matsvinnu, samanburði á umhverfisáhrifum valkosta, mótvægisáðgerðum og niðurstöðum matsins.

Það er von Landsnets að sem flestir sjái sér fært að mæta á fundinn en einnig verður hægt að fylgjast með beinni útsendingu frá honum á heimasíðu Landsnets, [www.landsnet.is](http://www.landsnet.is).

Kerfisáætlunin og drög að umhverfisskýrslunni verða aðgengileg á heimasíðu Landsnets og á vef Skipulagsstofnunar þriðjudaginn 6. maí 2014.



# KOMDU BETUR ÚT MEÐ ATLANTSOLÍU



## DÆLULKILLINN AÐ VINNINGUM

Þú getur unnið glæsilega ferð til sólarlanda fyrir alla fjölskylduna eða þúsundir annarra vinninga með því að nota dælulykil Atlantsolíu. Meiri vinningsmöguleikar með meiri notkun.

### Vinningar heim að dyrum

Ef þú vinnur einn af stóru vinningunum verður haft samband við þig en smærri vinningar verða sendir með pósti.

Allt um leikinn á [atlantsolia.is/leikur](http://atlantsolia.is/leikur)

Þú kemur betur út með dælulykli Atlantsolíu.

Sæktu um dælulykilinn á [atlantsolia.is](http://atlantsolia.is) eða í síma 591 3100.



Fylgdu okkur á Facebook til að eiga möguleika á enn fleiri vinningum [facebook.com/Atlantsolia](https://facebook.com/Atlantsolia)

**ATLANTSOLIA**

Sími 591 3100 | [atlantsolia.is](http://atlantsolia.is)



## Hætta á næsta PISA-stórslysi: Ráða helst eigin nemendur

**SVÍPÍÓÐ** Sænskir háskólar eiga á hættu að verða næsta PISA-stórslysi verði ekkert að gert að mati tveggja prófessora sem skrifa í Dagens Nyheter.

Þeir segja stjórnendur í háskólunum ekki með nægilegan vísindalegan bakgrunn, auk þess sem þeir ráði helst starfsmenn sem hafi farið í gegnum nám í sömu skólum.

- ibs



**Í KRISTJANÍU** Vítisenglar eru sagðir stjórna viðskiptum með fíkniefni í Kristjaníu í Kaupmannahöfn.

Hætti við að skrifa bók:

## Óttast hefnd glæpasamtaka

**DANMÖRK** Danski rithöfundurinn Peter Øvig Knudsen hefur hætt við áætlun sína um að skrifa bók um sögu Pusher Street í Kristjaníu í Kaupmannahöfn af hræðslu við hefndaraðgerðir glæpasamtaka.

Knudsen hugðist skrifa um hassgötuna í Kristjaníu sem nú er miðstöð viðskipta með fíkniefni. Samkvæmt upplýsingum dönsku lögreglunnar stýrir vélhjólagentið Vítisenglar viðskiptunum með fíkniefnin. Greint er frá þessu á vef Dagens Nyheter.

- ibs

Fjölmennta ársþing Kvennahreyfingar Samfylkingar var haldið um helgina:

## Segja fjármagn flutt til ríkra karla

**STJÓRN MÁL** Kvennahreyfing Samfylkingarinnar telur að dregið hafi úr áhrifum kvenna á æðstu stjórn landsins í tíð sitjandi ríkisstjórnar. Þetta kemur fram í ályktun sem ársþing hreyfingarinnar samþykkti á laugardag.

Í ályktuninni kemur fram að ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur hafi aukið völd og áhrif kvenna við stjórn landsins en núverandi stjórnvöld hafi unnið gegn þessum áherslum. Ríkisstjórnin hafi meðal annars hætt við lengingu fæðingar-

orlofs í tólf mánuði og jafnlaunaáttak fyrir ríkisstjórnar sé í uppnámi.

Kvennahreyfingin fagnar áherslum Samfylkingarinnar á mál-efni barna og húsnæðismál. Hún segir aðstæður á leigumarkaði bitna verst á einstæðum mæðrum, tekju-lágum og börnum þeirra.

Á ársþingi Kvennahreyfingarinnar var Heiða Björg Hilmisdóttir kjörin formaður en hún situr jafnframt í sjötta sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík fyrir komandi borgarstjórnarkosningar.

- sss



**KJÖRIN FORMADUR** Heiða Björg Hilmisdóttir er nýr formaður Kvennahreyfingar Samfylkingarinnar.

Alþjóðadagur ljósmæðra í dag:

## Ljósmæður fagna afmæli

**HEILBRIGÐISMÁL** Umdeild breyting á fæðingarþjónustu við Landspítalann var meðal þess sem rætt var á ráðstefnu Ljósmæðrafélags Íslands á föstudag. Þá var rætt um tvíbura- og heimafæðingar. Ljósmæðrafélagið fagnar um þessar mundir 95 ára afmæli félagsins.

Í dag er haldinn alþjóðadagur ljósmæðra. Dagurinn hefur verið haldinn í 23 ár, en hann var fyrst haldinn árið 1991.

- sss

Ónæmi gegn sýklalyfjum að verða alvarleg ógn við heilsufar fólks samkvæmt nýrri skýrslu:

## Reynt að spyrna við fótum á Íslandi

**HEILSA** „Þetta er virkilega eitthvað sem við þurfum að hafa áhyggjur af,“ segir Haraldur Briem sóttvarnarlæknir.

Í nýrri skýrslu Alþjóðaheilbrigðisstofnunar er greint frá því að ónæmi gegn sýklalyfjum sé að verða alvarleg ógn við heilsufar fólks um heim allan. Stofnunin rannsakaði gögn hjá 144 löndum og er Ísland eitt af þeim.

Aðspurður segir Haraldur að sem betur fer sé ónæmið ekki stórt vandamál hér á landi, enn sem komið er. „Við reynum að spyrna við fótum og passa upp á þetta þannig að þetta nái ekki dreifingu hérna. Við könnum fólk sem er að leggjast inn á spítala og reynum að fá fólk til að nota sýklalyf með skynsamlegum hætti.“

Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins áætla að í Evrópu einni

komi upp um það bil 400 þúsund sýkingar á ári hverju af völdum ónæmra sýkla sem leiða til um 25 þúsund dauðsfalla.

Haraldur segist ekki vita til þess að dauðsföll hafi orðið á Íslandi sem rekja megi beint til ónæmis. Engu að síður segir hann að ýmis vandamál skapist vegna þess. „Þetta kostar meira og það verða lengri legur og vandræði sem því fylgja. Það versta sem gerist er ef bakteríur verða ónæmar fyrir öllu.“

Á sýklafræðideild Landspítala er fylgst náið með þróun sýklalyfjaónæmis, og á heimasíðu deildarinnar eru birtar árlegar yfirlitstölur um sýklalyfjanæmi valinna sýkla allt frá árinu 1998. Þar má sjá að sýklalyfjaónæmi hefur haldist nokkuð óbreytt frá árinu 2011.

- fb



**HARALDUR BRIEM** Ónæmi við sýklalyfjum er ekki stórt vandamál hér á landi, að minnsta kosti ekki enn sem komið er.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### VEKJA ATHYGLI Á HÆTTUNNI

Hinn 19. nóvember á hverju ári er haldinn Evrópu dagur vitundarvakningar um sýklalyf. Dagurinn, sem hefur verið haldinn sex sinnum, er ætlaður til að vekja athygli á þeirri hættu sem mönnum getur stafað af sýklalyfjaónæmum bakteríum og til að hvetja til ábyrgar notkunar sýklalyfja.

**Sparnaður**

**Byrjaðu strax í séreignarsparnaði**

Nýttu tækifærið til bjartari framtíðar  
Kostir séreignarsparnaðar eru augljósir: Þú hefur hærri ráðstöfunartekjur við starfslok, móttframlag vinnuveitanda jafngildir í raun tveggja prósentu launahækkun og bráðum getur þú valið að nýta iðgjöldin til að lækka höfuðstól húsnæðislánsins.

Hafðu samband við ráðgjafa í síma 440 4900.  
Þú finnur nánari upplýsingar um séreignarsparnað á [islandsbanki.is](http://islandsbanki.is)

Lifeyrissparnaður



# WHIRLPOOL DAGAR

## 10-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM WHIRLPOOL VÖRUM



Whirlpool

ÞVOTTAVÉLAR - ÞURRKARAR - UPPÞVOTTAVÉLAR  
ÖRBYLGJUOFNAR - OFNAR - HELLUBORÐ - GUFUGLEYPAR  
KÆLISKÁPAR - FRYSTISKÁPAR - FRYSTIKISTUR



25%

**Whirlpool WME1887DFCTS**  
179sm og 374 lítra stál kælikápur. Stafræn hitastilling. 6th Sense Fresh Control. MultiFlow kælitækni tryggir jafnari kælingu. AntiBakteria Sía. Easy Open ventill. Orkuflokkur: A+. Stærð (HxBxD) 179x59.6x62,6 sm.

**TILBOÐ**

**119.995**

FULLT VERÐ 159.995



20%

**Whirlpool AWOD6114**  
1400sn 6kg þvottavél með 6th Sense. 52L tromla. Rafeindastýrður kerfisveljari og hitastillir. LCD skjár. Clean+ blettakerfi. 15 þvottakerfi og 30 mín hraðkerfi. Stafræn niðurtalning. Þvott hæfni A. Vinduhæfni B. Orkunýting A+.

**TILBOÐ**

**79.995**

FULLT VERÐ 99.995



20%

**Whirlpool AZB7570**  
7 kg tviátta barkalaus þurrkari með 6th Sense rakaskynjara. 9 Þurrkstillingar. Vatnstankur uppi. Hægt að tengja beint við niðurfall. Kaldur blástur og krumpuvörn. Stærð (BxHxD): 60x85x62sm.

**TILBOÐ**

**79.995**

FULLT VERÐ 99.995



33%

**Whirlpool AKT821LX**  
60 sm helluborð með 4 keramik hellum og snertitökkum. 1 x 2100w hella 14,5-21 sm. 1 x 1800w hella 14,5-25 sm. 2 x 1200W hellur 14,5 sm. Stál hlíðar. Mál: (bxhxd): 58x4,6x51 sm.

**TILBOÐ**

**49.995**

FULLT VERÐ 74.995



29%

**Whirlpool ADPU8783TR**  
Uppþvottavél með 10 kerfi s.s. sótthreinsikerfi, hraðkerfi og sjálfvirk 6th Sense kerfi með gufu. PowerClean með 32 stútum. LCD skjár. Vatnsflæðivörn. Sjálfhreinsandi filter. Þurrkar með hita og viftu. Þvottahæfni A. Orkuflokkur A++. Þurrkgeta A.

**TILBOÐ**

**99.995**

FULLT VERÐ 139.995



**Heimplistæki** ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT



900 sýrlenskir flóttamenn til Íslands:

## Miðað við höfðatölu

Í helgarblaði Fréttablaðsins nú um helgina deildi Páll Stefánsson ferðasögu sinni í máli og myndum en hann heimsótti flóttafólk í Sýrlandi og Líbanon. Það eru nú komin þrjú ár síðan borgarastyrjöld braust út í Sýrlandi og um þrjár milljónir manna hafa flúið heimaland sitt. Aðrar fimm milljónir eru á vergangi í Sýrlandi en um helmingur flóttamanna er börn.

Mikael Torfason

mikael@frettabladi.is



„Fór að gráta. Þetta var of mikið. Fyrsta kvöldið á Hotel Ak. Það heyrði það enginn. Ég var eini gesturinn, og eini starfsmaðurinn – eigandinn – var staddur á neðri hæðinni, langt frá herbergi sex. Það sem hafði truflað mig svona mikið, fyrsta daginn í Beqaa-dalnum, voru öll börnin sem ég hafði mætt, brotabrot af þeirri milljón flóttamanna frá Sýrlandi, nú í Líbanon, þessu litla fjögurra milljóna manna landi. Og hinum megin við hæðina, í austri, lá Sýrland; þaðan bárust lágstemmdar drunur inn í herbergi mitt. Þar geisar stríð.“

Svo skrifaði Páll í helgarblaðið. Myndir hans úr ferðalaginu segja meira en þúsund orð og kveikja margar spurningar. Páll lýsir því í greininni að fólk sem hann hitti spái því að ástandið muni ekki batna næsta áratuginn. Milljónir búa við ömurlegar aðstæður í gríðarstórum flóttamannabúðum. Yfir þrjú hundruð þúsund manna hafa horfið; flestir týnt lífi. Í flóttamannabúðum er ekkert. „Engin framtíð, engin skólaganga, ekkert,“ svo vitnað sé í texta Páls um ástandið í flóttamannabúðum í Beqaa-dalnum í Líbanon.

Ekkert bendir til þess að ástandið í Sýrlandi sé að batna. Á fimmtudaginn í síðustu viku dóu átján í sprengjuárásam, þar af ellefu börn. Um helgina lentu sextíu þúsund manna á vergangi vegna bardaga á milli uppreisnarmannanna sjálfra. Ástandið er skelfilegt og ekki sér fyrir endann á bardögum í Sýrlandi. Á meðan fjölgar flóttafólki sem á ekki í nein hús að venda.

Frændur okkar Svíar eru eina vestræna þjóðin sem hefur svarað ákalli Sameinuðu þjóðanna og Rauða krossins um að þjóðir heims taki á móti flóttamönnum af ábyrgð. Svíar hafa tekið á móti tuttugu og sex þúsund flóttamönnum frá Sýrlandi á síðustu tveimur árum. Páll spyr í grein sinni í helgarblaði Fréttablaðsins: „Hvenær kemur að okkur?“

Það má telja næsta víst að það komi ekki að okkur. Við erum og höfum verið duglaus þegar kemur að því að lina þjáningar meðbræðra okkar og systra. Og miðað við hvernig núverandi stjórnvöld hafa tjáð sig um þróunaraðstoð má gera ráð fyrir því að við verðum seint hálfdrættingar á við Svía.

„Ef við notuðum höfðatöluregluna, og vildum vera jafnokkar frænda vorra, Svía, værum við búin að veita bara 900 Sýrlendingum varanlegt skjól, af þeim þremur milljónum sem hafa misst landið sitt, og lífið fram undan,“ skrifar Páll.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fylgið jókst

Prátt fyrir að framsóknarmenn hafi ekki verið búnir að kynna nýjan framboðskandidat til sögunnar þegar síðasta skoðanakönnun Fréttablaðsins var gerð juku þeir fylgi sitt í Reykjavíkurborg. Um miðjan mars mældist Framsóknarflokkurinn með 3,7 prósentu fylgi í Reykjavík en þá var Óskar Bergsson í fyrsta sætinu. Hann hætti og Guðni Ágústsson var orðaður við fyrsta sætið, hann sagði nei og þá var flokkurinn forystulaus í borginni. Á þeim tímamarki var skoðanakönnun Fréttablaðsins gerð og mældist Framsóknarflokkurinn þá allt í einu með 5,2 prósentu fylgi. Mesta

fyldi sem hann hefur mælst með í borginni í vetur. Engu líkara en fólk hafi verið reiðubúna að kjósa flokkinn á meðan hann var stefnulaust rekald án forystu. Það verður fróðlegt að fylgjast með því hvað gerist þegar flokkurinn er loksins búinn að koma saman lista og stefnuskrá í borginni.

Ný forystukona Framsóknarmanna í borginni, Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, ætlar sér stóra hluti. Hún stefnir að því að flokkurinn fái tvo borgarfulltrúa og vill að hann komist til áhrifa í borginni. Á þessari stundu virðist það fullmikil bjartsýni að flokkurinn fái tvo í borginni.



### Pingið á leið í frí

Það styttest í þinghlé. Ekki er enn ljóst hvað verður um þingsályktunartillögu Gunnars Braga Sveinssonar um að slíta viðræðum við Evrópusambandið en hún hefur verið til umfjöllunar í þingnefnd síðan nokkru fyrir páska. Menn eru enn að reyna að skilja hvað Gunnar Bragi átti við í fréttum RÚV þegar hann var spurður hvort málinu yrði lokið fyrir þinghlé. Það var einna helst að skilja á honum að hann vildi einhvers konar samkomulag en hann gat ómögulega komið því frá sér í hverju það ætti að felast.

johanna@frettabladi.is

## HALLDÓR



## FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladi.is, Mikael Torfason mikael@frettabladi.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**Ný tækifæri og breytingar í lífi kvenna -ráðstefna um breytingaskeiðið í Hörpu þriðjudaginn 6. maí 2014 kl. 13:00-17:00**

**Dagskrá**  
Why Menopause is the Start of the Best Years  
Jill Shaw Ruddock, höfundur bókarinnar „The Second Half of Your Life“.

**Lif í líkama og lif utan líkama: Blæðingar og breytingar í lífi kvenna**  
Herdis Sveinsdóttir prófessor í hjúkrunarfræði.

**Að verða sjálfvar sin: Lif og heilsa kvenna eftir breytingaskeið**  
Ragnheiður Inga Bjarnadóttir kvensjúkdómalæknir.

**Í gegnum breytingaskeiðið með náttúrunni**  
Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir.

**Lístin að lifa á breytingaskeiði**  
Kristín Linda Jónsdóttir sálfræðingur hjá Huglind og ritstjóri Húsfreyjunnar.

**Seinna kynþroskaskeið: Betri eða bitrari?**  
Árleia Eydis Guðmundsdóttir dósent í viðskiptafræði.

Miðar fást á [www.harpa.is](http://www.harpa.is)

Áhugamannafélag um breytingaskeið kvenna

## Tækifæri í umhverfismálum

### UMHVERFISMÁL



Elín Hirst alþingismaður

Eins og allt hugsandi fólk hef ég áhyggjur af því hvernig við göngum um plánetuna Jörð og hvernig við munum skila henni til afkomenda okkar. Nýleg skýrsla Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál sýnir að tími er kominn til að snúa við blaðinu og vona að það sé ekki of seint. Margt smátt gerir eitt stórt.

Eitt af því sem mér fannst til eftirbreytni í þessum efnun nýlega var þegar eigundur fiskbúðarinnar í hverfinu mínu brydduðu upp á þeirri nýjung að selja viðskiptavinum sínum bréfpoka í stað plastpoka. Ég hef einnig tekið eftir því að æ fleiri koma með innkaupaúður með sér þegar þeir kaupa í matinn í stað þess að kaupa plastpoka. Þetta finnst mér til fyrirmyndar og mig langar sjálfa að taka upp nýja síði í þessum efnun.

Á dögum kynntist ég enn einni umhverfissvænu nýjunginni. Það eru heimilisplastpokar úr maíssterkju sem eru uppleysanlegir úti í náttúrunni, en það tekur venjulega plastpoka mörg hundruð ár að eyðast þar eftir því sem ég kemst næst. Fleira er að breytast.

Nú eru bílaframleiðendur farnir að horfa til koltrefja í stað stáls við bílaframleiðslu til að spara eldsneyti og minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda. Koltrefjar eru afar létt og sterkt efni sem hentar vel við smíði

→ Það er mikilvægt að við Íslendingar hugsum til framtíðar í umhverfismálum og nýtum þannig þau tækifæri sem þar skapast til að góðra verka.

bíla og með notkun þess er hægt að létta farartækin svo þau þurfi minna af orku.

**SAGNFRÆÐILEGUR SKÁLDSKAPUR** Hvar liggja mörkin milli skáldskapar og sagnfræði og hvað geta rithöfundar og sagnfræðingar lært hverjir af öðrum? Um það ætla spekingar að spjalla á Loft Hosteli.

MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

## Ræða tengsl sagnfræði og skáldskapar

Þrjú rithöfundar og menningarfræðingur ræða sagnfræði í skáldskap og skáldskap í sagnfræði í pallborðsumræðum á Loft Hosteli á miðvikudagskvöldið.

Útgáfufélagið Meðgönguljóð og sögubloggið Smjörfjall sögunnar standa fyrir pallborðsumræðum um sagnfræði og skáldskap á Loft Hosteli við Austurstræti á miðvikudagskvöldið klukkan 20. Þátttakendur eru rithöfundarnir Hallgrímur Helgason, Sigrún Pálsdóttir og Sjón en auk þeirra tekur Sigrún Alba Sigurðardóttir, menningarfræðingur og lektor við Listaháskóla Íslands, þátt í umræðunum. Kári Tulinius, rithöfundur, og Kristín Svava Tómasdóttir, sagnfræðingur og ljóðskáld, áttu frumkvæðið að viðburðinum og stýra umræðum, hvaðan kom þeim þessi hugmynd?

„Baksagan er einfaldlega sú að við Kristín Svava fórum á pallborðsumræður um heimspeki og



KÁRI TULINIUS

bókmenntir í fyrra og datt þá í hug að gaman væri að efna til svipaðrar umræðu um skáldskap og sagnfræði,“ segir Kári. „Við höfðum þetta bak við eyrað og byrjuðum svo að vinna í því að gera þetta að veruleika núna í mars.“

Rithöfundarnir þrjú, Hallgrímur, Sigrún og Sjón, hafa öll leit að fanga í sagnfræðinni í verkum sínum en hvert er hlutverk Sigrúnar Ölbu í umræðunum? „Hún var bæði í sagnfræði og bókmenntafræði áður en hún fór í menningarfræðina og hefur skrifað nokkrar bækur um sagnfræðileg efni, þannig að hún er þarna sem fulltrúi sagnfræðinnar. Sömu leiðis eru bækur Sigrúnar Pálsdóttur sagnfræði en ekki skáldskapur, svo allt þetta fólk er á rófinu

frá því að vera hreinræktaðir rithöfundar yfir í það að vera hreinræktaðir sagnfræðingar, ef hægt er að vera það. Þetta blandast nefnilega töluvert saman hjá þeim öllum,“ segir Kári. „Það eru þau mörk, hvar á að draga þau og hvað rithöfundar og sagnfræðingar geta lært hverjir af öðrum sem verður útgangspunktur umræðnanna.“

Dagskráin skiptist í tvennt. Í fyrri hlutanum verður umfjöllunarefnið Sagnfræðin í skáldskapnum en í seinni hlutanum Skáldskapurinn í sagnfræðinni. Þau Kári og Kristín Svava flytja hvort um sig stutt innangangserindi áður en umræður hefjast. „Ef við förum ekki allsvakalega fram úr tímamörkum verður svo vonandi tími fyrir spurningar úr sal að pallborðsumræðunum loknum,“ segir Kári.

fridrikab@frettabladid.is

## GAGNVEGIR

Ársfundur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum verður haldinn 7. maí 2014 á Hótel Sögu, Kötulsal, kl. 8.15–10. Í Hávamálum er sagt að til góðs vinar liggja gagnvegir. Á fundinum verður fjallað um fjölbreytt samstarf stofnunarinnar við aðila um allt land, menningarráð, héraðsskjalasöfn, minjasöfn, menningarstofnanir, fræðasetur, háskóla og grunnskóla, svo að fátt eitt sé talið. Sagt verður frá örsýningum á handritum á afmælisári Árna Magnússonar, safnkennslu í grunnskólum utan höfuðborgarsvæðisins, ljóðagrunninum Braga sem sameinar ljóðasöfn frá ýmsum stöðum á landinu, breytilegu málfari, örnefnum og fornleifum, og heimsóknum stúdenta frá Vesturheimi.

Skráning á [www.arnastofnun.is](http://www.arnastofnun.is) fram að hádegi 6. maí 2014

**Þorsteinn Pálsson**, formaður stjórnar  
*Ávarp*

**Guðrún Nordal**, prófessor og forstöðumaður  
*Starfsemi stofnunarinnar árið 2013*

**Lýður Pálsson**  
*Handritin alla leið heim á Eyraþakka*

**Svanhildur María Gunnarsdóttir**  
*Farkennsla á 21. öld*

**Ástrós Signýjardóttir**  
*Snorraverkefnið – íslenska er okkar mál*

**Birna Lárusdóttir**  
*Að flétta saman þræði: örnefni og fornleifar*

**Bjarki Karlsson**  
*Gáttir allar*

**Ari Páll Kristinsson**  
*Byggðarlag og orðalag*

**Illugi Gunnarsson**, mennta- og menningarmálaráðgjafi  
*Ávarp*



**MEZZÓSÓPRAN** Rósalind Gísladóttir kemur fram á hádegistónleikum í Hafnarborg í hádeginu á morgun.

FRÉTTABLAÐID/GVA

## Ástir og óvissa í Hafnarborg

Rósalind Gísladóttir mezzósópran kemur fram á hádegistónleikum í Hafnarborg ásamt Antoníu Hevesi píanóleikara klukkan 12. Yfirskrift tónleikanna er Ástir og óvissa og á efnisskránni eru árur eftir Bizet, Mascagni og Verdi.

Tónleikarnir hefjast klukkan 12 og standa yfir í um hálf klukkustund, þeir eru öllum opnir á meðan húsrúm leyfir. Húsið er opið klukkan 11.30.

Antonía Hevesi píanóleikari hefur frá upphafi verið listrænn stjórnandi hádegistónleika í Hafnarborg og valið með sér marga af fremstu söngvörum landsins. Hádegistónleikar eru haldnir fyrsta þriðjudag í mánuði.





**SALURINN** Kvikmyndasýningar verða meðal annars í Salnum í Kópavogi.

## Hluti RIFF í Kópavogi

Dagskrá RIFF – Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík, fer að hluta fram í menningarhúsum Kópavogsbæjar í haust. Samkomulag um samstarf Listhúss Kópavogsbæjar, lista- og menningarráðs og RIFF var undirritað í Kópavogi í dag. Framlag lista- og menningarsjóðs til hátíðarinnar nemur 3,5 milljónum króna. Þetta kemur fram á vef RIFF. Kvikmyndir fyrir börn verða sýndar í Bókasafni Kópavogs, auk þess sem viðburðir tengdir kvikmyndum verða á fleiri stöðum á torfunni, meðal annars í Salnum og Tónlistarhúsi Kópavogs. Þá verða í boði námskeið í kvikmyndagerð fyrir ungt fólk. Dagskráin í Kópavogi er unnin í góðu samstarfi forsvarsmanna RIFF, lista- og menningarráðs og forstöðumanna menningarhúsa bæjarins. Dagskráin verður auglýst nánar er nær dregur.

## Góði elskhuginn á arabísku

Réttindastofa Bjarts var að handsala samning um að Góði elskhuginn eftir Steinunni Sigurðardóttir komi út á arabísku,“ segir Guðrún Vilmundardóttir útgáfustjóri, sem stóð er á bókamessunni í Abu Dhabi.



**STEINUNN SIGURÐAR-DÓTTIR**

„Góði elskhuginn kom út í Hollandi fyrr í ár, hjá frábæru forlagi sem heitir De Geus og þetta hollenska forlag ætlar inn á enska markaðinn, og ætlar að gefa Góða elskhuginn út á ensku í byrjun næsta árs,“ heldur Guðrún áfram. „Því er enska þýðingin til og við sýrlenski útgefandinn handsöluðum þetta, en hann er, eðli málsins samkvæmt, að fara að flytja höfuðstöðvar útgáfunnar frá Sílandi.“

Góði elskhuginn kom út á íslensku árið 2009 og vakti mikla hrifningu gagnrýnenda og lesenda.

-fsb

## Nýir leiklistar-ráðunautar

Borgarleikhúsið hefur ráðið Hrafnhildi Hagalín Guðmundsdóttur og Hlyn Pál Pálsson sem nýja leiklistarráðunauta.



**HRAFNHILDUR HAGALÍN**

Hrafnhildur mun einbeita sér að ráðgjöf við leikritun og þróun nýrra leikverka auk annarra verkefna er varða nýsköpun, þýðingar og leikgerðir. Hrafnhildur er, samkvæmt fréttatilkynningu frá Borgarleikhúsinu, ráðin inn með það að markmiði að hlúa betur að íslenskum leikskáldum sem starfa í og fyrir Borgarleikhúsið, veita ráðgjöf við leikritun og önnur verkefni er varða nýsköpun, þýðingar og leikgerðir. Hlynur mun sitja í verkefnavalsnefnd, starfa sem dramatúrg og sinna verkefnastjórn á ýmsum viðburðum.

-fsb

## Lorca og skóarakonan

Leikfélag Sólheima og AFINAS-leikhópurinn frá Spáni túlka menningu lands hvort annars.

Leikfélag Sólheima sýnir leikverk ið Lorca og skóarakonuna í Þjóðleikhúsinu annað kvöld klukkan 19.30. Leikgerðin er unnin í samstarfi við AFANIAS-leikhópinn frá Madrid. Í verkinu túlka leikendur stemningu frá Spáni og byggja á verki eftir Federico García Lorca í leikgerð og leikstjórn Eddu Björgvinsdóttur. Leikhópurinn AFANIAS túlkar stemningu frá Íslandi og byggir á verkum Halldórs Laxness og Auðar Jónsdóttur. Verkið nefnist Bergmál og er dansverk.

Leikfélag Sólheima og AFANIAS frá Madrid hafa unnið að sýningunni saman síðan í september.

Bæði leikfélögin eru skipuð leikurum sem eru ýmist fatlaðir eða ófatlaðaðir og er Sólheimaleikhúsið elsta starfandi leikfélag í heiminum sem er þannig samsett. Það hefur frumsýnt leikverk á sumardegnum fyrsta í 84 ár.

Sólheimabúar munu síðan endurgjalda heimsókn Spánverjanna í lok júní. Þá verða verkin sýnd í Mira-leikhúsinu í Madrid.



**LEIKFÉLAG SÓLHEIMA** Lorca og skóarakonan er leikgerð Eddu Björgvinsdóttur á verki eftir Federico Garcia Lorca. Það var frumsýnt á Sólheimum á sumardaginn fyrsta.

MYND/LEIKFÉLAG SÓLHEIMA

## Rebétiko í Reykjavík Skalkottas & Ravel

# Þér er boðið á tónleika!

Í tilefni af Evrópudeginum 2014 stendur Evrópustofa fyrir

## GRÍSKRI TÓNAGLEÐI

í Eldborgarsal Hörpu, föstudaginn 9. maí kl. 20:00



**Caput | Þóra Einarsdóttir | Geoffrey Douglas Madge**  
**Pringipessa Orchestra | Örn Árnason kynnir**

Aðgangur á tónleikana er ókeypis og hægt er að tryggja sér miða hjá miðasölu Hörpu.

Caput flytur verk eftir Nikos Skalkottas og grísk þjóðlög í útsetningu Maurice Ravel. Hinn heimspékkti ástralski píanóleikari, Geoffrey Douglas Madge kemur fram með Caput ásamt hinni ástsælu sópransöngkonu Þóru Einarsdóttur.

Eftir hlé stígur gríska hljómsveitin Pringipessa Orchestra á svið og leikur lög eftir þjóðlagaskáldið Vasílis Tsítsánis sem almennt er talinn eiga mestan þátt í þróun grískrar tónlistarhefðar sem kallast rebétiko.

Evrópastofa  
Upplýsingamiðstöð ESB



SENDINEFND  
ESB Á ÍSLANDI



Evrópusambandið fjármagnar starfsemi Evrópustofu.

Nánari upplýsingar á [evropustofa.is](http://evropustofa.is)



**LAUGARÁSBIÓ**

LAUGARÁSBIÓ	Sýningartimar
THE OTHER WOMEN	5:40, 8, 10:20
SPIDERMAN 2	7, 10
RIO 2D	5:40
A HAUNTED HOUSE 2	10
HARRY OG HEIMIR	5, 8

**SAMBIO.IS**

FRÁ FRAMLEIÐANDANUM CHRISTOPHER NOLAN  
LEIKSTJÓRA DARK KNIGHT TRILOGÍNS OG INCEPTION

TRASCENDENCE

**AWKWARD MOMENT**

★★★★ TOTAL FILM

**SPIDER-MAN 2**

SAMBIO IS ALFABAKKA	KL.
TRASCENDENCE	KL. 5:30 - 8 - 10:30
TRASCENDENCE VIP	KL. 5:30 - 8 - 10:30
THAT AWKWARD MOMENT	KL. 5:50 - 8 - 10:10
DIVERGENT	KL. 5:10 - 8 - 10:50
CAPTAIN AMERICA 2 2D	KL. 5:10 - 8 - 10:45
NOAH	KL. 5 - 8
NEED FOR SPEED	KL. 10:40
SAMBIO IS EGILSHÖLL	KL.
TRASCENDENCE	KL. 5:25 - 8 - 10:35
THE AMAZING SPIDER-MAN 2 3D	KL. 4:50 - 7:40 - 10:35
DIVERGENT	KL. 4:50 - 7:40 - 10:30
CAPTAIN AMERICA 2 3D	KL. 4:50 - 7:40 - 10:30
SAMBIO IS KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI	KL.
TRASCENDENCE	KL. 5:30 - 8 - 10:30
THAT AWKWARD MOMENT	KL. 5:50 - 8 - 10:10
DIVERGENT	KL. 5 - 8
CAPTAIN AMERICA 2 2D	KL. 10:50
SAMBIO IS KEFLAVÍK	KL.
TRASCENDENCE	KL. 8 - 10:30
THE AMAZING SPIDER-MAN 2 2D	KL. 10:20
THE OTHER WOMAN	KL. 8
SAMBIO IS AKUREYRI	KL.
TRASCENDENCE	KL. 8 - 10:30
CAPTAIN AMERICA 2 3D	KL. 5:10
DIVERGENT	KL. 5:10 - 10:10
THAT AWKWARD MOMENT	KL. 8

TRYGGÐU PÉR MIÐA Á **SAMBIO.IS**

**SMÁRA BIÓ HÁSKÓLA BIÓ**

TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI!

TOPPMYNDIN Í USA!

SMÁRA BIÓ	KL.
THE OTHER WOMAN	KL. 5:30 - 8 - 10:25
THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D	KL. 5 - 8 - 10:50
THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D LÚÐUS	KL. 5 - 8 - 10:50
THE AMAZING SPIDERMAN 2 2D	KL. 6 - 10:50
RIO 2D ISL. TAL.	KL. 3:30 - 5:45
OCULUS	KL. 10:20
HARRY OG HEIMIR	KL. 4 - 8

HÁSKÓLA BIÓ	KL.
THE OTHER WOMAN	KL. 5:30 - 8 - 10:25
THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D	KL. 6 - 9
RIO 2D ISL. TAL.	KL. 5:45
HARRY OG HEIMIR	KL. 6 - 8 - 10
GRAND BUDAPEST HOTEL	KL. 8 - 10:15

Miðasala á: **eMiði**

**BIÓBYLTING**

PRJÁR NÝJAR LEIÐIR TIL AÐ FARA Í BIÓ

BESTA VERÐIÐ Öðryra fyrir kl. 19.

FJÓLSKYLDUPAKKINN Allir borga barnaverð.

GÆÐASTUND Fyrir 18 ára og eldri.

ÞANAR Á WWW.SMARBIO.IS/BYLTING



**UNGUR OG HEIMSFRÆGUR** Justin Bieber er góðvinur Floyd's Mayweather.

## Hyggst kaupa L.A. Clippers

Söngvarinn Justin Bieber ætti að vera flestum kunnur en hann hyggst nú kaupa körfuboltaíð LA Clippers af hinum umdeilda Donald Sterling sem lét á dögnum falla óheppileg orð sem báru keim af kynþáttahyggju. Söngvarinn mun þó ekki standa einn að kaupunum heldur í samstarfi við hnefaleikakappann Floyd Mayweather. Félagarnir kynntust í Las Vegas í fyrra þegar Bieber mætti á bardaga Mayweathers og Canelos Alvarez. Bieber hefur verið í Las Vegas undanfarna daga að taka því rólega og vinna í kaupunum á íþróttaliðinu. -bp

## CCP-N00B

**BAKPANKAR** Berglindar Péturisdóttur



Þær er fullur af túristum alla daga vikunnar. Við erum öll orðin von þeim. Ég er meira að segja hætt að rangholva augnum þegar ég sé hjón í samstæðum úlpum, það hlýtur bara að vera einhver góður tveir fyrir einn úlpudíll í Útilífi í Þýskalandi og ég áfelligast engan sem nýtir sér góð tilboð.

**NÝLIÐIN** helgi var þó eilítið frábrugðin hinni venjulegu upplifun minni af ferðamönnum. Skyndilega hrönnuðust upp 1.300 erlendir stuttermaskyrtafólkur EVE-spilarar, allir hingað komnir til þess að sækja EVE FanFest á vegum tölvuleikjarisans CCP.

Í raun eru þetta nettustu túristar sem hægt er að fá í heimsókn. Þeir klæðast ekki ljótum vindjökkum heldur stuttermabolum með myndum myndum og normcore-gallabuxum. Þeir eru ekki nískir, panta allir aukabeikon á borgarann sinn, drekka óhóflegt magn af bjór, þetta er jú árshátíðin þeirra, og kaupa dúnúlpur í tonnavís, því þær eru merktar tölvuleiknum.

**PAD** er ákveðin týpa af túrista sem

er áberandi í reykvísu næturlífi og það er týpan með öfugu dærfúna sem klípur í rassinn á stelpum. Þessir gestir hins vegar voru svo sannarlega ekki komnir hingað til að eiga óhreina helgi eða sýna ókunnugu fólki vanvirðingu í ölaði sínu. Flestir virtust þeir örliði óöruggir í eigin skinni en hér voru þeir á heimavelli því allir á skemmtistaðnum voru nákvæmlega eins og þeir.

**PAD** var gaman að upplifa stemningu í samfélagi sem er jafn fjarlæggt mér og EVE. Ég spila bara Angry Birds en finnst einhvern veginn eins og ég þurfi að prófa þetta. Allir voru í svo fátæflega góðu stuði. Hérna var saman komið fólk til að hitta annað fólk sem spilar allt sama tölvuleik. Er til eitthvað falletgra? Fyrir utan það að, eins og allir vita, munu nördar erfa þessa jörð svo það er um að gera að koma sér í mjúkinn hjá þeim á meðan þeir skipuleggja heimsyfírrað.

**SVO** var ég mjög upp með mér þegar einn þeirra vatt sér upp að mér og notaði grimmustu nörd-pikköplínu í sögu mannkyns:

**SO**, do you play EVE?

# Aðdáendur Eve Online í Hörpu

Margt var um manninn á hinu árlega Eve Online Fanfest en það er íslenska leikjafyrirtækið CCP sem stendur fyrir hátíðinni. Aðdáendur leiksins flyktust til landsins frá öllum heimshornum en dagskrá hátíðarinnar var ekki af verri endanum. Á daginn gátu gestir prófað nýjasta nýtt í leikjabransanum og á kvöldin var þeim boðið upp á bardagasýningu í Eldborg og partí í Silfurbergi.



**FUNDU ÁSTINA Í LEIKNUM** Priscilla frá Bandaríkjunum og Craig Harrison frá Englandi kynntust í leiknum (EVE) og eru að fara að gifta sig í Englandi. MYNDIR/RÓSAJÓHANNSDÓTTIR



**SPENNANDI NÝJUNGAR** Sylvía Sigurðardóttir og Bríet Eva Sigurðardóttir prófa nýja tækni.



**SLAPPAÐ AF** Starfsmenn CCP spila borðspil



**GAMAN SAMAN** Chris Smith yfirhönuður Valkyrie, Pvenlin Gulleminok frá Frakklandi og Jorg Ian frá Belgíu.

**BIÓ PARADÍS** EUROPA CINEMAS

EN NY SVENSK FILMSTJARNNA ÁR FOOD

★★★★

**MONICA Z**

SKYD

SAFT

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Ábendingahnaðinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)

SAFT





# Tom Odell

Eldborg

26. júní

Miðasala hefst á morgun

harpa.is- midi.is og í síma 528 50 50



Alfred varð markakóngur í Hollandi

FÓTBOLTI Landsliðsmaðurinn Alfred Finnbogason lauk tímabilinu í Hollandi á viðeigandi máta er hann skoraði eitt marka Heerenveen í 3-0 sigri á Waalkwijk í lokaverfðinni sem fór fram á laugardag.

Par með urðu mörkin 29 alls á tímabilinu í 31 deildarleik en Alfred gaf alls tíu stoðsendingar á tímabilinu, þar af eina í leiknum á laugardag. Hann varð langmarkahæsti leikmaður deildarinnar en næsti maður, Graziano Pelle, skoraði 23 mörk. Aron Jóhannsson hjá AZ varð svo þriðji með sautján mörk.

Hann er meðal markahæstu leikmanna Evrópu þetta tímabilið en óvíst er hvað tekur við hjá honum í sumar. Alfred hefur verið sagður eftirsóttur af stórlíðum víða um Evrópu en hann á enn eftir eitt ár af samningi sínum við Heerenveen.

-esá



City á toppinn en Aron Einar féll með Cardiff City

FÓTBOLTI Helgin í ensku úrvalsdeildinni var góð fyrir bláa hlutann í Manchester. City-menn skelltu sér á toppinn með 3-2 sigri á Everton en Liverpool getur endurheimt efsta sætið í kvöld er liðið mætir Crystal Palace á útivelli.

Á sama tíma máttu ríkjandi meistarar, Manchester United, þola slæmt tap fyrir Sunderland á heimavelli en síðarnefnda liðið tók þar með stórt skref í átt að því að bjarga sæti sínu í deildinni.

Fulham og Cardiff, sem töpuðu bæði leikjum sínum á laugardaginn, eru fallin úr deildinni en Norwich,

Sunderland og West Brom geta öll enn fallið. Síðastnefndu liðin mætast á miðvikudagskvöldið og jafntefli mun nánast gulltryggja að Norwich falli í B-deildina. Aron Einar Gunnarsson lék allan leikinn með Cardiff sem tapaði fyrir Newcastle, 3-0.

Arsenal tryggði sér fjórða sætið um helgina og Chelsea missti af tækifæri til að koma sér á toppinn með því að gera markalaust jafntefli við Hull.

„Ég sagði fyrir nokkrum vikum að við værum úr leiki í titilbaráttunni. Þetta snerist um stoltið í dag,“ sagði Jose Mourinho, stjóri Chelsea.

-esá



HETJAN Edin Dzeko skoraði tvö marka Manchester City gegn Everton. City er nú á toppnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

ÚRSLIT

ENSKA ÚRVALSDEILDIN

Table with columns for teams (WEST HAM - TOTTENHAM, SWANSEA - SOUTHAMPTON, etc.) and match results (2-0, 0-1, 4-1, etc.).

NÆSTU LEIKIR

C. Palace - Liverpool í kvöld kl. 19.00 Man. United - Hull annað kvöld kl. 18.45

3-1 Nettóvöllurinn Áhorf.: 1.041 Guðmundur Ársæll G. (6)

Mörkin: 1-0 Jóhann Birnir Guðmundsson (22.), 2-0 Hörður Sveinsson (31.), 3-0 Hörður Sveinsson, víti (80.), 3-1 Ármann Pétur Þvarsson (84.).

KEFLAVÍK (4-3-3): Jonas Sandqvist 6 - Endre Ove Brenne 6, Halldór Kristinn Halldórsson 6, Haraldur Freyr Guðmundsson 6, Magnús Þórir Matthíasson 6 - Einar Orri Einarsson 6, Sindri Snær Magnússon 6, Jóhann Birnir Guðmundsson 7 (63. Sigurbjörgur Elisson 5) - Daníel Gylfason 6 (57. Bojan Stefan Ljubicic 5), Elías Már Ómarsson 6, \*Hörður Sveinsson 7\* (85. Theodor Guðni Halldórsson -).

PÓR (4-3-3): Sandor Matus 5 - Sveinn Elías Jónsson 5, Hlynur Atli Magnússon 6, Orri Freyr Hjaltalín 5, Ingi Freyr Hilmarsson 5 - Jóhann Helgi Hannesson 5, Halldór Orri Hjaltason 5, Jónas Björgvin Sigurbjörgsson 5, Sigurður Marínó Kristjánsson 6 (74. Kristinn Þór Björnsson -) - Ármann Pétur Þvarsson 6, Þórður Birgisson 5 (90. Bergvin Jóhannsson -).

Skot (á mark): 9-12 (5-4) Horn: 8-3 Varin skot: Sandqvist 3 - Matus 2

Hef þroskast í Eyjum

Róbert Aron Hostert varð Íslandsmeistari með Fram í fyrra og sér margt líkt með gengi liðsins þá og gengi ÍBV í vetur. Hann verður í lykilhlutverki í liði Eyjamanna sem mæta í kvöld Haukum í fyrsta leik liðanna í úrslitaeinvíginu.

HANDBOLTI „Það er ríkir mikil tilhlökkun í Eyjum en við erum líka stoltir af því að hafa komist svona langt,“ segir Róbert Aron Hostert, glaður í bragði. Þessi öflug skytta, sem hefur oftast leikið sem leikstjórnandi á sínu fyrsta tímabili með ÍBV í vetur, á nú möguleika á því að verða Íslandsmeistari annað árið í röð. Hann var í stóru hlutverki með liði Fram sem fór alla leið í fyrra og hann ætlar sér að endurtaka leikinn með ÍBV nú.

ÍBV sló út Val í undanúrslitunum með sigri í oddaleik eftir að hafa lent 2-1 undir í rímu. Haukar lentu þó í enn meira basli og þurftu að koma til baka eftir að hafa lent 2-0 undir í sínu einvígi gegn erki-fjendunum í FH. „Ég held að tvö bestu liðin séu komin áfram í úrslit-in, enda þau tvö lið sem enduðu í tveimur efstu sætum í deildinni,“ bendir Róbert á og segir að lið ÍBV sé að stíga upp á hárréttum tíma.

„Mér finnst stemningin í liðinu svipuð þeirri sem ríkti hjá okkur í Fram í fyrra. Við höfum vaxið jafnt og þétt sem liðsheild eftir áramót og stígandi hefur verið góð. Við erum að toppa á réttum tíma.“

Róbert hefur verið tekinn nokkuð mikið úr umferð í vetur, ekki síst í úrslitakeppninni. Hann viðurkennir að það sé nokkuð þreytandi. „Ég er orðinn vanur því enda lent nokkuð oft í því í vetur. En við eigum nokkur svör við því og getum spilað úr þeirri stöðu. Það er þó leiðinlegt að vera handboltamaður og fá ekki að spila eins og maður vill gera – því neita ég ekki.“

Róbert er á sínu síðasta tímabili hér á landi í bili þar sem hann hefur gengið frá samningi við Mors-Thy í Danmörku. Hann segist þó hafa lifað sem nokkurs konar atvinnu- maður í Eyjum í vetur og hafa lært margt af því.

„Lífið í Eyjum er æðislegt og hér



LEIÐTOGI Róbert Aron í leik með ÍBV í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Falla Haukar enn við fyrstu hindrun?

Haukar freista þess í kvöld að vinna fyrsta leik í rímu í úrslitakeppni efstu deildar karla í handbolta í fjögur ár. Það hefur mistekist síðustu fjögur skipti – ávallt á heimavelli – en síðast gerðist það þegar Haukar unnu Valsmenn í fyrsta leik liðanna í lokaeinvíginu um titilinn vorid 2010. Haukar unnu þá titilinn en hafa ekki unnið hann síðan, þrátt fyrir að hafa orðið deildarmeistarar síðustu þrjú tímabilin.

Haukar töpuðu fyrir verðandi Íslandsmeisturum HK, 3-0, í undanúrslitum árið 2012 en töpuðu í fyrra fyrir Fram í lokaúrslitunum, 3-1.

er gott að vera. Ég hef verið mikið einn í vetur og kynnst nýrri hlið á sjálfum mér. Ég hef þroskast og sé ekki eftir því að hafa tekið þetta skref og hætt á hótél mömmu,“ segir hann og hlær.

Róbert hrósar einnig þjálfurinum Gunnari Magnússyni og Arnari Péturssyni. „Uppgangur liðsins hefur verið mikill sem segir sitt um gæði þjálfaranna. Ég hef líka lært mikið af þeim, ekki síst þar sem ég hef verið í nýrri stöðu á miðjunni



eirikur@frettabladi.is

PALEO-MATREIÐSLUNÁMSKEIÐ. Þriðjudaginn 13. maí 7.900 kr. Kristín Steinarsdóttir. Villtu læra að gera góðar sósur og meðlæti með grillinu í sumar? Vandinn er ekki að henda einhverju á grillið, heldur að gera fljótlegt og gott meðlæti. Nánari upplýsingar og skráning á paleonamskeid@gmail.com eða í síma 661 0281. ÞRIÐJUDAGINN 13. MAÍ HEILSUHÚSINU LÁGMÚLA 5 KL.18.30 - 21.00. SVARIÐ BÝR Í NATTÚRUNNI. Heilsuhúsið.

3-0 Fjölnisvöllur Áhorf.: 894 Garðar Örn Hinriksson (8)

Mörkin: 1-0 Ragnar Leósson (15.), 2-0 Gunnar Már Guðmundsson (45.), 3-0 Júlíus Orri Óskarsson (79.).

FJÖLNIR (4-3-3): Þórður Ingason 6 – Árni Kristinn Gunnarsson 6 (85. Guðm. Bóðvar Guðjónsson -), Bergsveinn Ólafsson 6, Haukur Lárusson 7, Matthew Ratajczak 5 – Illugi Gunnarsson 6, \*Gunnar Már Guðmundsson 7, Guðmundur Karl Guðmundsson 6 – Einar Karl Ingvarsson 6 (65. Júlíus Orri Óskarsson 6), Ragnar Leósson 7, Christopher Tsonis 6 (74. Aron Sigurbjörgsson -).

VÍKINGUR (4-3-3): Ingvar Þór Kale 4 – Ómar Friðriksson 3 (46. Óttar Steinn Magnússon 5), Igor Taskovic 5, Alan Lowing 4, Halldór Smári Sigurðsson 5 – Kristinn J. Magnússon 6, Harry Monaghan 3, Dofri Snorrason 4 – Agnar Darrí Sverrisson 4 (57. Pape Mamadou Faye 5), Ívar Örn Jónsson 4, Sveinbjörn Jónasson 4 (73. Darrí Steinn Konráðsson -).

Skot (á mark): 9-9 (7-3) Horn: 2-7 Varin skot: Þórður 3 - Ingvar Þór 3

visir.is Meira um leiki gærkvöldsins

1-0 Samsung-v. Áhorf.: 1.235 Þóroddur Hjaltalín (6)

Mörkin: 1-0 Ólafur Karl Finsen, víti (85.).

STJARNAN (4-4-2): Ingvar Jónsson 6 - Niclas Vemmelund 5, Daníel Laxdal 6, Martin Rauschenberg 6, Hörður Árnason 5 - Arnar Már Björgvinsson 5 (72. Atli Freyr Ottesen -), Porri Geir Rúnarsson 6, Atli Jóhannsson 6, \*Ólafur Karl Finsen 7 (90. Pablo Punyed -) - Heiðar Egiðsson 5, Veigar Páll Gunnarsson - (10. Jón Arnar Barðdal 5).

FYLKIR (4-3-3): Bjarni Þórður Halldórsson 5 - Stefán Ragnar Guðlaugsson 5, Kristján Valdimarsson 5, Ásgeir Eypórsson 6, Kjartan Ágúst Breiðdal 5 - Tómas Jóh Þorsteinsson 6, Elís Rafn Björnsson 6, Andrew Sousa 3 (63. Ragnar Bragi Sveinsson 6) - Ásgeir Örn Arnþórsson 6, Viktor Örn Guðmundsson 4 (63. Ryan Mauro 4), Gunnar Örn Jónsson 4.

Skot (á mark): 10-9 (3-4) Horn: 8-6 Varin skot: Ingvar 3 - Bjarni Þórður 2

1-2 Gervigras í Lau. Áhorf.: óþupp. Gunnar Jari Jónsson (7)


Mörkin: 0-1 Iain James Williamson (11.), 0-2 Kristinn Ingi Halldórsson (45.), 1-2 Gary Martin (60.).

KR (4-3-3): Stefán Logi Magnússon 5 - Haukur Heiðar Hauksson 6, Grétar Sigfinnur Sigurðsson 6, Aron Bjarki Jónsson 6, Guðmundur Reynir Gunnarsson 5 - Abdel-Farid Zato-Arouna 4 (68. Gonzalo Balbi 5), Baldur Sigurðsson 5, Þorsteinn Már Ragnarsson 3 (56. Gary Martin 6) - Almarr Órnarson 3, Atli Sigurjónsson 3 (56. Óskar Örn Hauksson 6), Kjartan Henry Finnbogason 5.

VALUR (4-3-3): Fjalur Þorgeirsson 6 - Bjarni Ólafur Eiriksson 6, Magnús Már Lúðvíksson 7, \*Mads Lennart Nielsen 8, James Hurst 6 - Haukur Páll Sigurðsson 6 (90. Gunnar Gunnarsson -), Ian James Williamson 7 (71. Halldór Hermann Jónsson -), Kristinn Freyr Sigurðsson 5 - Arnar Sveinn Geirsson 6, Sigurður Egill Lárusson 4 (80. Lucas Ohlander -), Kristinn Ingi Halldórsson 8.

Skot (á mark): 12-10 (4-6) Horn: 7-8 Varin skot: Stefán Logi 3 - Fjalur 2





ENNEEM / SIA / NM6607

## Það er gott hjá þér að hugsa fram í tímann fyrir þá sem treysta á þig

### LÍF- OG SJÚKDÓMATRYGGING FYRIR ÞIG OG FÓLKIÐ ÞITT

Það er gott hjá þér að hugsa um heilsuna á hverjum degi, því þú veist að hún skiptir öllu máli, bæði fyrir þig og þá sem treysta á þig. Taktu næsta skref í dag

og láttu líf- og sjúkdómatryggja þig. Hafðu samband og starfsfólk VÍS veitir þér persónulega ráðgjöf. **VÍS – þar sem tryggingar snúast um fólk.**

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | Sími 560 5000 | [VIS.IS](http://VIS.IS)

LÍFTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF.





## Stöð 2 kl. 20.25

### Höfðingjar heim að sækja

Vandaðir þættir með Evu Laufey Kjaran Hermannsdóttur sem heimsækir þjóðþekktu Íslendinga og fær að fara með þeim í eldhúsið. Viðmælendurnir eru sannkallaðir sælkerar og eru flestir þekktir fyrir eitthvað allt annað en að standa í matargerð. Þeim líður engu að síður dásamlega heima í eldhúsinu að undirbúa gómsæt- ar kræsingar handa fjölskyldu og vinum.



## Í KVÖLD



### Breiðablik - FH

**STÖÐ 2 SPORT KL. 19.00** Bein útsending frá leik Breiðabliks og FH í 1. umferð Pepsi-deildar karla í knattspyrnu.



### Eldsnögg með Jóa Fel

**STÖÐ 2 GULL KL. 20.35** Endursýndur er þáttur með Jóa Fel er í jólskapi og í þessum sérstaka hátíðarþætti ætla hann að bjóða upp á krónhjartravilli-bráð í forrétt, fylltar kalkúnabringur með rjómasveppasósu í aðalrétt og ostaköku með appelsínusúkkulaði í eftirrétt.



### Spilaborg

**SJÓNVARPIÐ KL. 21.10** House of Cards II er bandarísk þáttaröð um klækjastjórnmal og pólitíska refsaká þar sem einskis er svífast í baráttunni.

## Bylgjan kl. 10.00

### Ívar Guðmundsson

Ívar Guðmundsson sér um morgnana frá 10-13 og er þátturinn hans fyrst og fremst skemmtilegur tónlistarþáttur. Hann er persónulegur og byggður upp þannig að fólk hafi gaman af því að hlusta á útvarp. Ívar er dagskrárstjóri Bylgjunnar.



# SÖGUSVIÐ ASTARINNAR

VERONA, FENEYJAR OG GARDA VATNIÐ

4 - 12 ÁGÚST 2014  
**ÍTALÍA**

## BORG ELSKENDA

Farið verður til Verona, Feneyja og þaðan að Garda vatninu ásamt því að upplifa osta- og vínsmökkun í Valpolicella dalnum. Einstök ferð sem gleður og gerir vel við bragðlauka sem og önnur skynfæri. Takmarkaður fjöldi sæta er í boði. Það þurfa allir að upplifa þessa ferð.

- Flug, allir skattar og gjöld
- Akstur frá flugvelli á hótél og tilbaka
- Gisting með morgunmat 1 nótt í Mílanó
- Gisting með morgunmat 6 nætur í Verona
- Vín og ostar komukvöld í Mílanó
- Vínsmökkun í Valpolicella dalnum
- Skoðunarferðir í Verona og Feneyjum
- Íslensk fararstjörn

ICELANDAIR *Vild* Trans - Atlantic  
Við flögum með Icelandair Sími: 588-8900  
Kynntu þér málið á [transatlantic.is](http://transatlantic.is)

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.00 Malcolm In The Middle
- 08.25 One Born Every Minute
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors
- 10.15 Smash
- 10.55 Perfect Couples
- 11.20 I Hate My Teenage Daughter
- 11.45 Falcon Crest
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 The X-Factor US
- 14.25 ET Weekend
- 15.10 Ofurhetjusérveitin
- 15.35 Kalli litli kanína og vinir
- 16.00 Frasier
- 16.25 Mike and Molly
- 16.45 How I Met Your Mother
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Stóru málin Vandaðir og áhuga- verðir þættir þar sem fjallað verður á beinskeyttan hátt um stóru málin í pólitíkinni á borð við skuldastöðu heimilanna, atvinnumál, skattamál og fleiri mikilvæg málefni. Lóa Pind Aldísardóttir rýnir í þjóðarmálin og fer yfir þau á mannamáli.
- 20.00 The Goldbergs (2:23) 20.25 Höfðingjar heim að sækja
- 20.40 Suits (13:16)
- 21.25 Game Of Thrones (5:10) Fjórða
- 22.20 The Americans
- 23.10 Vice
- 23.40 The Big Bang Theory
- 00.00 The Mentalist
- 00.45 The Smoke
- 01.30 Rake
- 02.10 Boss
- 03.05 American Horror Story
- 03.40 Eastwick
- 04.25 Hellcats
- 05.05 The Goldbergs
- 05.25 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT besta sætið

- 07.05 Levante - Atletico Madrid
- 08.45 KR - Valur
- 10.35 Fram - ÍBV
- 12.25 RN Löwen - Hamburg
- 13.50 Real Madrid - Valencia
- 15.30 Levante - Atletico Madrid
- 17.10 KR - Valur
- 19.00 Breiðablik - FH Bein útsending
- 21.15 Spænsku mörkin 2013/14
- 22.00 Pepsímörkin 2014
- 23.15 3. liðið
- 23.45 Breiðablik - FH
- 01.35 Pepsímörkin 2014

## SPORT 2 enski boltinn

- 12.25 West Ham - Tottenham
- 14.05 Messan
- 15.30 Man. Utd. - Sunderland
- 17.10 Chelsea - Norwich
- 18.50 Crystal Palace - Liverpool Bein útsending
- 21.00 Football League Show 2013/14
- 21.30 Swansea - Southampton
- 23.10 Crystal Palace - Liverpool

## INN

20.00 Frumkvöðlar 20.30 Eldhús meistaranna 21.00 Landsmót hestamanna. 21.30 Stormað um Hafnarfjörð

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó  
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1  
FM 95,7 FM957

## STÖÐ 3

- 17.30 Grand Designs
- 18.15 Hart Of Dixie
- 19.00 Amazing Race
- 19.45 Bleep My Dad Says
- 20.05 Lying Game (8:10)
- 20.50 Fier 5 (14:20)
- 21.35 The Vampire Diaries (13:22)
- 22.20 Men of a Certain Age (12:12) Bandarísk þáttaröð um þrjá gamla skóla- félagi sem komnir eru á miðjan aldur og viðhalda vinskapanum löngu eftir að þeir útskrifuðust.
- 23.00 Pretty Little Liars
- 23.45 Amazing Race
- 00.30 Nikita
- 01.10 Bleep My Dad Says
- 01.30 Lying Game
- 02.15 Southland
- 02.55 Glee 5
- 03.40 The Vampire Diaries
- 04.20 Men of a Certain Age
- 05.05 Tónlistarmyndbönd

## Krakastöðin

07.00 Ævintýri Tinna 07.25 Ljótí andarunginn og ég 07.47 Hello Kitty 07.55 Rasmus Klumpur og félagar 08.00 Brunabíllarnir 08.23 Latibær 08.47 Ævintýraferðin 09.00 Dóra könnuður 09.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 09.45 Doddi litli og Eyrnastór 09.55 Leyndarmál vísindanna 10.00 Áfram Diego, áfram! 10.24 Svampur Sveinsson 10.45 Hvellur keppnisbíll 10.55 UKI 11.00 Ævintýri Tinna 11.25 Ljótí andarunginn og ég 11.47 Hello Kitty 11.55 Rasmus Klumpur og félagar 12.00 Brunabíllarnir 12.23 Latibær 12.47 Ævintýraferðin 13.00 Dóra könnuður 13.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 13.45 Doddi litli og Eyrnastór 13.55 Leyndarmál vísindanna 14.00 Áfram Diego, áfram! 14.24 Svampur Sveinsson 14.45 Hvellur keppnisbíll 14.55 UKI 15.00 Ævintýri Tinna 15.25 Ljótí andarunginn og ég 15.47 Hello Kitty 15.55 Rasmus Klumpur og félagar 16.00 Brunabíllarnir 16.23 Latibær 16.47 Ævintýraferðin 17.00 Dóra könnuður 17.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 17.45 Doddi litli og Eyrnastór 17.55 Leyndarmál vísindanna 18.00 Áfram Diego, áfram! 18.24 Svampur Sveinsson 18.45 Hvellur keppnisbíll 18.55 UKI 19.00 Algjör Sveppur - Dagur í lífi stráks 20.40 Sögur fyrir svefninn

## GULL

- 18.00 Strákarnir
- 18.30 Friends
- 18.50 Seinfeld
- 19.15 Modern Family
- 19.40 Two and a Half Men (14:19)
- 20.10 Sjálfstætt fólk Viðmælandi Jóns Ársæls þessa vikuna er söng- og leikkonan Edda Heiðrún Backman.
- 20.35 Eldsnögg með Jóa Fel (12:12)
- 21.00 Twenty Four (20:24)
- 21.40 Sisters (5:7)
- 22.30 The Newsroom (1:10)
- 23.40 Anna Pihl
- 00.25 Lærkevej
- 01.05 Sjálfstætt fólk
- 01.30 Eldsnögg með Jóa Fel
- 02.00 Twenty Four
- 02.45 Sisters
- 03.35 The Newsroom
- 04.45 Tónlistarmyndbönd

## BÍÓ

- 10.40 Spy Kids 4
- 12.10 La princesse de Montpensier
- 14.30 The Object of My Affection
- 16.20 Spy Kids 4
- 17.50 La princesse de Montpensier
- 22.10 The Object of My Affection
- 22.00 Backdraft
- 00.30 Season Of The Witch
- 02.05 Dark Tide
- 03.55 Backdraft

## RÚV

- 16.25 Herstöðvarlíf
- 17.10 Kólabræður
- 17.20 Engilbert ræður
- 17.27 Grettir
- 17.40 Tákn málsfréttir
- 17.50 Ferðastiklur
- 18.25 Önnur matar í New York
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Veðurfréttir
- 19.30 Íþróttir
- 19.40 Kastljós
- 20.05 Leiðin til Kaupmannahafnar (2:2) (Seinni hluti)
- 20.35 Listahátíð 2014 - Kynningar- þáttur Kynningarþáttur um Listahátíð í Reykjavík sem stendur yfir dagana 22. maí til 5. júní.
- 21.10 Spilaborg (12:13) (House of Cards II) Bandarísk þáttaröð um klækjastjórnmal og pólitíska refska þar sem einskis er svífast í baráttunni. Meðal leikenda eru Kevin Spacey, Michael Gill, Robin Wright og Sakina Jaffrey. Atríði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Sinfóníutónleikar - í fjarlæg- um heimi (1:2) (Anna Þorvaldsdóttir og Dutilleux)
- 23.20 Skylduverk
- 00.20 Kastljós
- 00.39 Fréttir
- 00.50 Dagskrárlok

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Everybody Loves Raymond
- 08.25 Dr. Phil
- 09.05 Pepsi MAX tónlist
- 16.00 Last Chance to Live
- 17.00 Judging Amy (14.23)
- 17.45 Dr. Phil
- 18.25 Top Gear Best of
- 19.15 Rules of Engagement
- 19.40 Everybody Loves Raymond (3:16)
- 20.05 Trophy Wife (17:22) Gaman- þættir sem fjalla um partístelpuna Kate sem verður ástfangin og er lent milli steins og dómharðra barna.
- 20.30 Top Chef (6:15) Það er komið að sjöundu seríunni í þessum stórskemmti- lega bandaríska raunveruleikaþætti. Þau Tom Colicchio og Padma Lakshmi fá til sín 17 efnilega matreiðslumenn sem þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldhúsinu.
- 21.15 Hawaii Five-0 (19:22) Steve McGarrett og félagar handsama hættu- lega glæpamenn í skugga eldfjallanna á Hawaii í þessum vinsælu þáttum.
- 22.00 CSI
- 22.50 The Tonight Show House of Cards-skúrurinn Kevin Spacey er gestur kvöldsins ásamt leikaranum Lewis Black.
- 23.35 Law & Order
- 00.20 Agents of S.H.I.E.L.D.
- 01.05 Hawaii Five-0
- 01.50 The Tonight Show
- 02.35 Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRSPORT

06.00 Motors TV 16.00 AFC Ajax - NEC Nijmegen 18.00 Borussia Dortmund - 1899 Hoffenheim 20.00 Bundesliga Highlights Show 20.50 Bundesliga Highlights Show 21.40 Bundesliga Highlights Show 00.00 Motors TV

## Golfstöðin

08.00 PGA Tour 2014 13.00 Golfing World 2014 13.50 LPGA Tour 2014 16.50 Ryder Cup 2004 Official Film, The 18.05 Golfing World 2014 18.55 LPGA Tour 2014 21.55 Golfing World 2014 22.45 US Open 1999

# STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

FÉLAG FASTEIGNASALA *vísir*

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

FASTEIGNIR.IS

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó  
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1  
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland  
FM 96,7 Létt Bylgjan  
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan  
FM 99,4 Útvarp Saga  
FM 100,5 Kaninn

FM 102,2 Útv. Latibær  
FM 102,9 Lindin  
FM 105,5 Útvarp Boðun





# 10-20 KR. AFSLÁTTUR Á MIÐVIKUDAG

## Umslagið í Eurovision stjórna afslættinum

Það verður 10 kr. afsláttur af bensíni og dísel með lykli, Staðgreiðslu- eða Tvennu- korti hjá Olís og ÓB á miðvikudaginn. Ef Ísland kemst áfram í Eurovision, bætum við 1 kr. við fyrir hvert umslag sem opnað er þar til Ísland er lesið upp – afslátturinn gæti því orðið allt að 20 kr. Ef ekki, þá látum við tókallinn duga og dælum út vonbrigðunum með bros á vör.



Sæktu um lykil á ob.is. Einnig er hægt að sækja lykil á næstu Olís-stöð.





## MÁNUDAGSLAGIÐ



„Electric Dream með Human League. Eitt besta stuðlag allra tíma. Myndin hafði mikil áhrif á mig þegar hún kom út og ég var 11 ára. Ástir og afbrýði manns og tölvu sem frami sjálfmorð. Stórkostlegt.“

Guðmundur Ingi Porvaldsson, framkvæmdastjóri Tjarnarbíós

## Noregsdrottningu líkar Hugleikur

Hugleikur Dagsson tilnefndur til verðlaunanna Queen Sonja Nordic Art Award.

„Þetta eru verðlaun sem eru til heiðurs Sonju Noregsdrottningu og verða veitt í Ósló. Það eru aðallega grafískir listamenn sem eru tilnefndir,“ segir listamaðurinn Hugleikur Dagsson, sem tilnefndur er til verðlaunanna Queen Sonja Nordic Art Award.

Hann er framlag Íslands til verðlaunanna en einn listamaður frá hverju Norðurlandi er tilnefndur til verðlaunanna. „Mér skilst að ég sé tilnefndur fyrir heildarstörf. Þetta er gott búst

fyrir egóið,“ segir Hugleikur léttur í lundu.

Hann segist þó lítið þekkja þá listamenn sem eru tilnefndir frá hinum Norðurlöndunum. „Þetta eru upprennandi listamenn, en það sem ég hef skoðað af verkum þeirra er bara mjög flott.“

Hugleikur segist ekki hafa trú á því að hann hljóti verðlaunin en sé þó djúpt snortinn yfir að hljóta tilnefningu. Sigurvegarinn verður tilkynntur lok maímánaðar.

Hugleikur gaf út tímaritið Ókei

„Mér skilst að ég sé tilnefndur fyrir heildarstörf. Þetta er gott búst fyrir egóið.“

Piss í fjórða í skiptið um helgina, en Ókeypis-myndasögudagurinn var haldinn síðastliðinn laugardag og stóð Nexus fyrir þessum merka degi.



FRAMLAG ÍSLANDS Hugleikur Dagsson er tilnefndur til verðlaunanna Queen Sonja Nordic Art Award. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Karóki fyrir Íslendinga

Tónlistarmaðurinn Þórir Úlfarsson bjó til karóki-útgáfu af öllum íslensku framlögnum í Eurovision.

„Ég hef unnið að hugmyndinni í eitt ár en hún kviknaði fyrir mörgum árum,“ segir Þórir Úlfarsson tónlistarmaður en hann vinnur að því í samvinnu við Símann að setja upp Eurovision-karóki í Sjónvarpi Símans. „Ég hafði samband við Símann með það að markmiði að koma lögnum inn í Sjónvarp Símans. Það er frábær lausn þar sem bæði er hægt að nálgast lög in sjónvarpinu og appinu,“ segir Eurobands- meðlimurinn en hann hafði velt því fyrir sér að gefa lög in út á DVD-disk en óttaðist að þeim yrði fljótt lekið á netið. „Það vantaði íslenskt karóki og með Eurovision-lögnum,“ segir Þórir. Sá sem spreytir sig á íslensku Eurovision-lögnum heyrir bakraddirnar og getur sungið lagið eftir textanum eins og vant er í karóki. Þórir spilaði öll lög in fyrir karókiútgáfunna og á öll hljóðfær in. „Það var ekkert mál, þetta er handavinna,“ segir tónlistarmaðurinn. „Sló fyrst trommutaktinn og spilaði á bassa og raðaði inn. Að mestu eru lög in þó unnið í tölvu.“



VANUR MAÐUR Þórir hefur útsett tugi laga fyrir Eurovision.

Aðspurður hvaða lag Þórir haldi að verði oftast sungið segir hann að það verði líklegast Nína. „Það er einfaldlega vinsælast íslenskra Eurovision-laga.“

## Athugar þotuhreyfla fyrir Rolls Royce

Katrín Edda Þorsteinsdóttir móðelfitness-keppandi og vélaverkfræðingur hefur í nógu að snúast, er í mastersnámi í Þýskalandi og rannsakar þar meðal annars þotuhreyfla.

„Það má alveg segja að ég komi fólk á óvart, ég veit ekki til þess að það séu margar verkfræðistelpur í móðelfitness eða móðelfitnessstelpur í verkfræði,“ segir hin 24 ára gamla Katrín Edda Þorsteinsdóttir, móðelfitness-keppandi og vélaverkfræðingur. Hún er nú að klára mastersnám við Karlsruhe Institute of Technology í Þýskalandi, þar sem hún rannsakar þotuhreyfla fyrir breska bíla- og vélaframleiðandann Rolls Royce. „Ég er að vinna að mastersverkefni sem fjallar um hönnun á kæliholum í brunahólfi í þotuhreyfli og er þar að reyna að skoða mismunandi hönnun til þess að hámarka nýtnina,“ útskýrir Katrín Edda, en Rolls Royce er einn stærsti þotuhreyflaframleiðandi heims. „Ég hef mikinn áhuga á þessu, þetta er mjög skemmtilegt.“

Fyrir utan mastersverkefnið sitt hefur Katrín í nógu að snúast og starfar hún hjá þýska tæknirisanum Bosch. „Ég var í starfsnámi hjá Bosch og átti bara að vera í fjóra mánuði. Mér bauðst svo að vera þar áfram og verð þar næstu sjö mánuðina,“ bætir Katrín Edda við. Hún er þó líklega best þekkt fyrir velgengni sína í móðelfitness en hún varð meðal annars heildarsigurvegari í bikini-fitness á International Austrian Championship fyrir skömmu, þá lenti hún í öðru sæti á Íslandsmótinu sem fram fór um páskana og í öðru sæti á móti í Ungverjalandi í síðustu viku.


Af hverju móðelfitness? „Þegar ég byrjaði í einkaþjálfun hjá Konráði Val í World Class var ég ekkert að spá í keppni en svo hvatti hann mig til þess að taka þátt í Íslandsmótinu 2011. Þar lenti ég í sjöunda sæti þrátt fyrir að hafa ekki lagt mig neitt fram af viti og haldið því fram að ég ætti alls ekki heima í þessu sporti. Þetta hvatti mig því áfram og þá varð ekki aftur snúið.“



VIÐ ÞOTUHREYFLI Hér er Katrín Edda Þorsteinsdóttir með eitt stykki þotuhreyfli í bakgrunni en myndin er tekin fyrir framan fyrirtækið MTU Aero Engines. MYND/EINKASAFN

Það þarf mikinn sjálfsgátt til þess að geta áorðað öllu því sem Katrín tekur sér fyrir hendur. „Ég æfi flesta daga og í niðurskurði jafnvel tvisvar á dag. Mér finnst ég þurfa að fá frí frá verkfræðinni stundum og því er gott að gera eitthvað allt annað eins og að fá útrás á æfingum, mér finnst móðelfitnessið ótrúlega skemmtilegt og að stíga á svið er eitt það skemmtilegasta sem ég geri,“ segir Katrín Edda.

Hún hefur þó ekki alltaf haft jafn gaman af því að keppa. „Mig skorti sjálfstraust í upphafi, ég hugsaði alltaf of mikið um keppendurna í kringum mig og var uppfull af neikvæðum hugsunum um sjálfa mig sem drógu mig niður.“ segir Katrín Edda um upphafið. „Í dag einblíni ég einungis á sjálfa mig og mín afrek og horfi aldrei á hina keppendurna sitt hvorum megin við mig og hef til dæmis iPodinn í eyrunum alveg fram að sekúndunni áður en ég stíg á svið.“ Hún er þó öruggari og nýtur þess að keppa í dag.



SÆLL SIGURVEGARI Katrín Edda eftir sigurinn á mótinu í Austurríki fyrir skömmu. MYND/EINKASAFN

Katrín Edda býr ásamt kærastanum sínum, Tryggva Gunnarssyni, í Karlsruhe. „Kærastinn minn er mun ævintýragjarnari en ég og hefði aldrei farið út án hans en þetta er besta ákvörðun sem ég hef tekið og við höfum það mjög gott hérna úti.“

gunnarleo@frettabladid.is



Framhald myndarinnar!

Sástu myndina? Hér er framhaldið

# 1. SÆTI

Önnur bókin í Divergent bókaflöknum fór í fyrsta sætið 23. - 29. apríl á metsölulista Eymundsson.



- Samkvæmt 780.000 notendum GoodReads!

„Roth kann að skrifa. Flókin fléttan og ógleymanleg umgjörðin skapa sögu sem mun ekki svíkja aðdáendur fyrstu bókarinnar“ - Publishers Weekly um Andóf

Björt BÓKAÚTGAFA

www.bjortutgafa.is

## Íslenskur einkaþjálfari slær í gegn

Cosmopolitan Body fjallar ítarlega um „víkingaaðferð“ Svövu Sigbertsdóttur.

„Þetta kom þannig til að ég fór á verðlaunahátíð með Nicole Scherzinger í desember og hitti þar einn af ritstjórum glanstímaritsins Cosmopolitan í Bretlandi. Upp frá því fór ég að þjálfra hana, sem ég gerði í margar vikur, tók í gegn mataræðið og það varð alveg þvífík breyting á henni,“ segir Svava Sigbertsdóttir, einkaþjálfari og manneskjan að baki líkamsræktartaksins The Viking Method, en um hana birtist átta blaðsíðna umfjöllun í nýjasta tölublaði Cosmopolitan Body, aukablaði frá Cosmopolitan sem kemur út tvisvar á ári. „Þetta var ótrúlega gaman og er náttúrulega góð auglýsing fyrir mig. Við urðum góðar vinkonur og hún er að kynna mig fyrir alls konar

fólki,“ bætir Svava við, en auk þess birtist umfjöllun um hana á vef tímaritsins þar sem hún sýnir myndband með æfingunum.

„Ég byrjaði að þróa Viking Method fyrir einu og hálfu ári, en hafði verið þjálfari í mörg ár fyrir það. Þetta snýst í stuttu máli um að nota eigin líkamsþyngd við æfingarnar sem eru mjög mismunandi fyrir hvern og einn. En ég passa að allar hreyfingar séu mjög náttúrulegar. Eins og að ýta, toga, hoppa yfir hluti og draga eitthvað,“ útskýrir Svava, en hún hefur öðlast gríðarlega vinsældir í Bretlandi sem einkaþjálfari. „Ég þjálfra marga og hef alls konar kúnna. Allt frá stálframleiðendum og lögfræðingum upp í fyrirsætur. -6sk



ÞJÁLFAFAR ALLS KONAR FÓLK Allt frá lögfræðingum upp í fyrirsætur á borð við Suki Waterhouse. MYND/ÚR EINKASAFN



Einstakt tækifæri!

Ótrúlegt verð!

# SÓLARSPRETTUR í sólarhring!

Vertu í viðbragðsstöðu því sólarsprettur Plúsferða  
hefst í dag kl. 12:00!

Misstu ekki af þessu einstaka tækifæri því þú hefur  
aðeins 24 klst til að bóka sólarlandaferðina þína á  
einstöku verði!

**Fjöldi dagsetninga í boði!**

## Almería

## Marmaris

⇒ Allt innifalið ⇐

**Hotel Roc  
Golf Trinidad** ★★★

FRÁ: **93.800 kr.\***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í tvíbýli. Verð frá 115.280 kr. á mann m.v. tvo fullorðna í bókun. Brottför: 17. júní - 7 nætur.

**Arena Center** ★★★★★

FRÁ: **79.900 kr.\***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í stúdíóbúð. Verð frá 99.800 kr. á mann m.v. tvo fullorðna í bókun. Brottför: 17. júní - 7 nætur.

**Liman Apart** ★★★

FRÁ: **99.900 kr.\***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 117.800 kr. á mann m.v. tvo fullorðna í bókun. Brottför: 12. júní - 14 nætur.

**Alenz Suite** ★★★

FRÁ: **105.900 kr.\***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 129.800 kr. á mann m.v. tvo fullorðna í bókun. Brottför: 12. júní - 14 nætur.

## Costa Brava

## Benidorm

## Tenerife

⇒ Hálf tæði ⇐

**Xaine Park** ★★★

FRÁ: **86.900 kr.\***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í tvíbýli með hálfu fæði. Verð frá 103.840 kr. á mann m.v. tvo fullorðna í bókun. Brottför: 16. júní - 7 nætur.

**Costa Encantada** ★★★★★

FRÁ: **91.800 kr.\***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 123.600 kr. á mann m.v. tvo fullorðna í bókun. Brottför: 16. júní - 7 nætur.

**Don Jorge  
Apartments** ★★★

FRÁ: **87.900 kr.\***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 108.200 kr. á mann m.v. tvo fullorðna í bókun. Brottför: 24. júní - 7 nætur.

**Hovima  
Jardin Caleta** ★★★

FRÁ: **96.500 kr.\***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með einu svefnherbergi með morgunverði. Verð frá 107.200 kr. á mann m.v. tvo fullorðna í bókun. Brottför: 2. júlí - 7 nætur.

**plús**  
FERÐIR

www.plusferdir.is



FRÉTTIR  
AF FÓLKI

## 200 vilja vera Solla Stirða

„Við erum eiginlega gapandi yfir hæfileikunum sem við erum búin að sjá undanfarið og það verður sannarlega erfitt að velja á milli,“ segir leikarinn og leikstjórinn Rúnar Freyr Gíslason sem setur upp Latabæ í Þjóðleikhúsinu næsta haust. Á dögunum var auglýst eftir leikkonu til að bregða sér í hlutverk Solla stirðu og bárust yfir 200 umsóknir. 45 stúlkur voru svo boðaðar í prufur og hafa verið í söng- og leikprufum í leikhúsinu síðustu daga. Það er svo spurning hver hreppir hnossið en hlutverkið er greinilega eftirsótt.



leikkonu til að bregða sér í hlutverk Solla stirðu og bárust yfir 200 umsóknir. 45 stúlkur voru svo boðaðar í prufur og hafa verið í söng- og leikprufum í leikhúsinu síðustu daga. Það er svo spurning hver hreppir hnossið en hlutverkið er greinilega eftirsótt.

- áþ

## Gæddu sér á framandi mat

Fjölmenn var á matarhátíð samtaka áhugafólks um erlenda matargerð en gestir hátíðarinnar gátu meðal annars gætt sér á víetnömsum sumar-rúllum, Kaliforníu-takó og rússneskum blíníllum. Meðal gesta má nefna tónlistarmennina Högna Egilsson og Teit Magnússon, Atla Bollason, leikaranemann Eysteín Sigurðarson og skemmtikraftana Margréti Erlu Maack og Ragnheiði Maísól. „Mér finnst þetta ótrúlega gott framtak og fyrir mér þá mætti gera þetta hverja helgi,“ segir Margrét Erla Maack. „Það er rosalega skemmtilegt að fólk komi og selji framandi smárétti. Þetta gefur manni líka hugmyndir um hvað maður eigi að elda heima hjá sér,“ segir Margrét Erla. „Síðan er ekkert eins skemmtilegt og að borða góðan mat með skemmtilegu fólki.“



- bþ

Mest lesið **vísir**

- 1 Gefur Reðasafninu stærsta getnaðarlim í heimi
- 2 Árni Johnsen vill loka Landeyjahöfn
- 3 Nýtt frumefni uppgötvað
- 4 Tveir skipta 85 milljónum
- 5 Bílar brunnu í Kópavogi
- 6 Krefjast þess að ríkisstjórnin standi við kosningaloforðin

LG  
BOGIÐ OLED  
SJÓNVARPHeimsins fyrsta bogna  
OLED sjónvarpiðSjónvarpsmiðstöðin  
SÍÐUMÚLA 2 • WWW.SM.IS

8.-11. maí

KÓPAVOGS  
DAGAR 2014Spennandi menningarhátíð  
fyrir alla fjölskylduna

## Fjölbreytt dagskrá og ókeypis á flesta viðburði

## FÍLAR ÞÚ FRÆÐSLU OG ÚTIVIST?

Fræðsluganga í boði Sögufélags Kópavogs | **Erindi um Sval og Val í boði Stefáns Pálssonar** | Erindi um sögu bæjarins í boði Þorleifs Friðrikssonar | **Ganga um söguslóðir** | Kyrrstöðuganga í boði Héraðsskjalasafns Kópavogs | **Aqua Zumba í Sundlaug Kópavogs**

## MÁ BJÓÐA ÞÉR DANS OG LEIKLIST?

Leikræn tjáning Nafnlausu leikhópsins í Salnum | **Spunaverkið Á mörkunum í húsnæði Leikfélags Kópavogs** | Ævintýraleikrit fyrir börnin í Bókasafni Kópavogs | **Danshópurinn Raven við Gerðarsafn** | Íþróttafélagið Glóð í Smáranum | **Indverskur dansari í Smáraskóla**

## PÖNK, DJASS OG FLEIRA GIRNILEGT?

**Pönkið lifir á Spot og í Molanum** | Gítartónleikar fyrir eldri borgara | **Saxafónkvartett í Hjallakirkju** | Kórsöngur karla um allan bæ | **Djass með Þór Breiðfjörð** | Kórsöngur í Digraneskirkju | **Skólahljómsveit Kópavogs í Salnum** | Frönsk ljóð, sönglög og ariur í Tónlistarsafni Íslands

VILTU KYNNA ÞÉR MYNDLIST, LJÓSMYNDUN,  
HÖNNUN EÐA GJÖRNINGA?

**Vinnustofur listamanna í Auðbrekku opnar** | Samsýning Myndlistafélags Kópavogs | **Vorsýningar eldri borgara** | Ljósmyndasýning í Molanum | **Gjörningur um lífið við Café Dix** | Leirlist á Álfhólsvægi | **Ljóðagjörningur í Bókasafni Kópavogs** | Veggjalist í Hamraborginni | **Ljóð í sundi og í strætó**

\*Nánar á [kopavogsdagar.is](http://kopavogsdagar.is)

Kópavogsbær